


skoðun 16



SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt

Tax free á búsáhöldum
20,32% afsláttur
Europris
Nýr tilboðsbæklingur í dag

FRÉTTABLAÐIÐ
Miðvikudagur
28. janúar 2011
303. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000
10 ÁRA 2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011



## Spyrja út í Seinfeld

*Kolbeinn og Sindri halda Seinfeld-spurningakeppni.*

fólk 34

## Birgitta Spur áttræð

*Hefur veitt Listasafni Sigurjóns Ólafssonar forstöðu í á þriðja áratug.*

tímamót 20



## Spurs eltir

*Tottenham gefur ekkert eftir í toppbaráttu enska boltans og eltir Manchesterliðin.*

sport 30

## veðrið í dag




**HÆGUR VINDUR** og nokkuð bjart veður víða en lítilsháttar él á stöku stað. Vaxandi vindur sunnan- og vestanlands síðdegis með éljum og síðan snjókomu.

VEÐUR 4

# Langflest afbrot hér á landi tengd áfengi og fíkniefnum

**Fjórðungur allra fanga á Íslandi afplánar dóma vegna fíkniefnabrota. Hlutfallið var sjö prósent fyrir tuttugu árum. Afbrotafræðingar segja afar hátt hlutfall brota framið í einhverjum tengslum við vímuefni.**

**LÖGREGLUMÁL** Fjórðungur allra fanga á landinu situr inni vegna fíkniefnabrota. Árið 1990 var hlutfallið sjö prósent.

Fíkniefnabrot eru flokkuð sem slík þegar alvarlegasta brot sem viðkomandi hefur framið er tengt fíkniefnalöggjöfinni.

Erlendur Baldursson, afbrotafræðingur hjá Fangelsismálastofnun, segir fíkniefni þó tengjast mun fleiri afbrotum en þeim sem formlega eru skráð sem fíkniefnabrot.

„Ef við tökum alla vímugjafa tengjast þeir mjög háu hlutfalli allra brota," segir Erlendur. „Þegar menn fremja ofbeldisbrot eru þeir oftast undir áhrifum vímugjafa. Þó hefur sá misskilningur verið uppi að kynferðisbrot og heimilisofbeldi séu framin undir áhrifum vímuefna, en það er miklu oftar ekki tengt neinu slíku. Menn eru oft bláedrú að berja konurnar sínar."

> Menn eru oft bláedrú að berja konurnar sínar.
>
> ERLENDUR BALDURSSON
> AFBROTAFRÆÐINGUR



Vel yfir hundrað fangar af þeim sem sitja inni núna frömdu glæpi tengda vímugjöfum. Alls sitja nú 177 fangar inni í fangelsum landsins og hafa þeir aldrei verið fleiri.

„Ég tel að um tvö af hverjum þremur fíkniefnabrotanna megi flokka sem mjög alvarleg. Þá er um að ræða verulegt magn fíkniefna og dreifingu til margra," segir Erlendur.

Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, tekur undir orð Erlends og tekur manndrápsmál sem dæmi.

„Fíkniefni eða áfengi tengjast nær öllum manndrápsmálum," segir Páll. „Ég man í svipan eftir tveimur morðum sem voru framin þegar viðkomandi var edrú."

Hlutfall fanga sem sátu inni vegna fíkniefnabrota árið 1990 var aðeins sjö prósent, eða 25 fangar. Tíu árum síðar var hlutfallið komið upp í 25 prósent, 55 fangar alls. Í fyrra fór hlutfallið í 36 prósent, þegar 120 fangar afplánuðu fíkniefnadóma í íslenskum fangelsum. Í ár er hlutfallið rúmlega 25 prósent.

Helgi Gunnlaugsson, afbrotafræðingur við Háskóla Íslands, segir að hreyfiaflið bak við þessa skörpu þróun í fjölda fanga sé að stórum hluta frumkvæðisvinna lögreglu og aukin áhersla stjórnvalda á að stemma stigu við brotum af þessu tagi.

„Aukinn fjöldi fíkniefnamála hefur komið inn á borð yfirvalda og eru sum mjög stór í sniðum, sem sýnir að hér er stór markaður fyrir fíkniefni og mikil eftirspurn sem margir sjá gróðavon í að fullnægja," segir Helgi. - sv



**ALLIR Í RÖÐ** Útsölurnar eru hafnar í verslunum landsins og virðist sem margir hyggi á góð kaup. Alltént var fullt út úr dyrum í verslun Epli.is í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fjölmenni á útsölu Epli.is:

## Tugir þurftu frá að hverfa

**VERSLUN** Útsölurnar hófust í mörgum verslunum í gær og virðist nýliðin jólaös ekki hafa slegið á verslunarþörf landans.

Húsfyllir var á útsölunni hjá Epli.is þegar ljósmyndara bar að og segir Bjarni Ákason framkvæmdastjóri að tugir manna hafi þurft að hverfa frá þennan fyrsta útsöludag.

„Fyrsta hæðin hjá okkur fylltist alveg af fólki. Við vorum með tilboð á sýningartölvum og fleiru sem fólk virðist hafa verið til í," segir Bjarni. Hann segir að Íslendingar séu greinilega í stuði þessa dagana.

Útsalan hófst líka í IKEA og Stefán Rúnar Dagsson verslunarstjóri segir þó nokkuð af fólki hafa mætt á fyrsta degi til að kynna sér tilboðin.

"Annars er yfirleitt nokkur stígandi í þessu hjá okkur og aðsóknin eykst dag frá degi fram til áramóta." - þj

Fólkið í landinu les Fréttablaðið




Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
18–49 ára á höfuðborgarsvæðinu.
Meðallestur á tölublað, júlí–sept. 2011.

Skíðakona fór í vel heppnaða aðgerð í gær eftir að hafa brotnað illa á æfingu:

# Nær að hreyfa fætur og fingur

**SLYS** Vandasöm aðgerð sem Fanney Þorbjörg Guðmundsdóttir, landsliðskona á skíðum, þurfti á að halda í gærmorgun á Ullevål-sjúkrahúsinu í Ósló í Noregi þótti heppnast vel. Fanney, sem er 19 ára gömul, slasaðist alvarlega á aðfangadag þegar hún var við æfingar í Geilo í Noregi.

Fyrst eftir slysið var óttast að Fanney hefði lamast fyrir neðan háls, en brot var bæði á öðrum og þriðja hryggjarlið hennar. Eftir aðgerðina í gær var hún hins vegar komin með hreyfigetu í bæði fætur og fingur. „En það er lítið vitað um hvort einhver skaði er varanlegur, það kemur í ljós á næstu tveimur árum," segir Gísli Rafn Guðmundsson, bróðir Fanneyjar. „En þetta lofar allt mjög góðu."



FANNEY ÞORBJÖRG GUÐMUNDSDÓTTIR

Að sögn Gísla verður Fanney á Ullevål-sjúkrahúsinu fram yfir áramót, en að því loknu taki við frekari endurhæfing ytra.

Nánasta fjölskylda Fanneyjar er hjá henni úti í Ósló, en þau voru í jólaheimsókn í Geilo þegar slysið varð. Að sögn Gísla verður móðir þeirra áfram úti á meðan Fanney er að jafna sig.

Fanney var meðvitundarlaus og andaði ekki þegar að henni var komið á slysstað. „Aðstoðarþjálfari á vettvangi komst fljótt til hennar. Hann náði að losa ól á brotnum hjálmi og setja hana í læsta hliðarlegu og þá tók hún aftur að anda," segir Gísli.

Slysi Fanneyjar svipar til þess þegar Arna Sigríður Albertsdóttir hryggbrotnaði og lamaðist þegar hún lenti á tré í æfingaferð Skíðafélags Ísafjarðar til Geilo fyrir fimm árum. Hún var þá 16 ára. - óká

Unnsteinn gerir það gott:

## Gerir uppvakninga fyrir Pitt

**FÓLK Unnsteinn Guðjónsson var nýlega ráðinn til tæknibrellufyrirtækisins Moving Picture Company, sem þykir eitt það fremsta í sinni í röð. Unnsteinn, yfirleitt kallaður Ummi, vinnur meðal annars að nýjustu kvikmynd Brad Pitt, World War Z, og hannar fyrir hana uppvakninga.**

**„Við erum komnir mjög skammt á veg með hana en hún verður mjög sérstök og áhugaverð," segir Ummi, sem hefur unnið að mörgum vinsælustu kvikmyndum síðari ára, þar á meðal Avatar og tveimur Harry Potter-myndum.**

- fgg / sjá síðu 34

## SPURNING DAGSINS



*Guðmundur, er nokkuð Gó fyrr en Bó segir gó?*

„Það er ekkert Bó fyrr en Gó segir Bó."

Guðmundur Óskar Guðmundsson stendur fyrir tónleikunum Jólagestir Gó á Café Rosenberg. Nafnið er tilkomið sem grínádeila á stóru jólatónleikana, Frostrósir og Jólagesti Bó.

Innanríkisráðherra um hugmyndir um skotvopnaburð lögreglu:

# Ekki þörf á byssum fyrir löggur

**LÖGGÆSLA** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segist ekki telja þörf á því að lögreglumenn hafi almennari aðgang að skotvopnum en nú er.

Í frétt blaðsins í gær var fjallað um grein í félagsblaði lögreglumanna þar sem velt var upp þeirri hugmynd að koma skotvopnum fyrir í læstum hirslum í lögreglubílum.

„Auðvitað vill maður að lögregla sé þannig búin að lögreglumönnum stafi ekki hætta af þeim sem þeir eru að glíma við hverju sinni," segir Ögmundur í samtali við Fréttablaðið.



ÖGMUNDUR JÓNASSON

„En almenna viðhorfið hvað skotvopn áhrærir hefur hins vegar verið það að æskilegast sé að lögregla sé óvopnuð. Það er sú regla sem við viljum halda í heiðri."

Ögmundur segir að vissulega séu undantekningar á þessari reglu, til dæmis sérsveit ríkislögreglustjóra. Einnig séu skotvopn til staðar hjá sumum embættum á landsbyggðinni. Þau séu helst notuð ef aflífa þurfi dýr.

„Víkingasveitin getur gripið til vopna ef brýna nauðsyn krefur en mitt viðhorf er að lögreglan eigi að vera óvopnuð og hætta sé á að vítahringur myndist þar sem vopn kalli á vopn. Það viðhorf hefur líka verið ríkjandi innan lögreglunnar sjálfrar." - þj

Tveir Svíar í fangelsi í Eþíópíu:

# Dæmdir í ellefu ára fangavist

**EÞÍÓPÍA, AP** Tveir sænskir blaðamenn, þeir Johan Persson og Martin Schibbye, voru í gær dæmdir til ellefu ára fangavistar í Eþíópíu fyrir stuðning við hryðjuverkasamtök.

Þeir fóru ólöglega inn í landið og voru handteknir fyrir sex mánuðum í austurhluta landsins þar sem þeir voru í fylgd með sómölskum uppreisnarhópi.

Mannréttindasamtök hafa gagnrýnt handtökuna og dóminn og segja afar erfitt fyrir blaðamenn að afla sér frétta í landinu. - gb

Fjögur þúsund fermetra hús:

# Blásið til hönnunarsamkeppni

**MENNTAMÁL** Framkvæmdasýsla ríkisins hefur fyrir hönd Háskóla Íslands boðið til opinnar hönnunarsamkeppni um byggingu fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.



VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR

„Fyrirhuguð bygging mun rísa á horni Suðurgötu og Brynjólfsgötu og verður um 4.000 fermetrar að stærð," segir á vef Ríkiskaupa. Byggingin á að hýsa starfsemi tungumálamiðstöðvar undir formerkjum UNESCO og einnig að bjóða aðstöðu til kennslu og rannsókna á erlendum tungum.

Gert er ráð fyrir að niðurstöður hönnunarsamkeppninnar verði kynntar 16. maí 2012. - óká

Ný sjúkdómavarnareglugerð:

# Gætt að súnum og súnuvöldum

**HEILBRIGÐISMÁL Reglugerð um vöktun súna (sjúkdóma sem smitast á milli manna og dýra) og súnuvalda tók nýverið gildi, að því er fram kemur á vef Matvælastofnunar. Reglugerðin byggir á tilskipun Evrópusambandsins.**

**„Með þessari reglugerð eru í fyrsta sinn settar heildarreglur á Íslandi um vöktun og varnir gegn sjúkdómum sem berast á milli manna og dýra," segir á vefnum. Í reglugerðinni sjálfri segir að tilgangur hennar sé að sjá til þess að súnur og súnuvaldar og tengt þol þeirra gegn sýklalyfjum sé vaktað á réttan hátt og að tilhlýðileg faraldsfræðileg rannsókn fari fram þegar upp koma sjúkdómar sem berast með mat.** - óká

# Gaskútar geta valdið slysahættu í frosti

**Gaskútar sem geymdir eru utandyra í frosti geta skemmst og valdið slysahættu. Mest hætta þar sem kútar eru geymdir úti en ætlaðir til inninotkunar. Mikilvægt að breiða yfir kútana svo vatn komist ekki inn og valdi frostskemmdum.**

**SLYS** „Ég skrúfa frá gasinu og þá skyndilega leggur eldsúlu upp úr gashellunni sem læsist í gluggatjöldin fyrir ofan. Ég heyri konuna mína strax æpa og skrúfa þá fyrir þar sem ég átta mig á því sem er að gerast. Þetta slapp því í rauninni mjög vel en ég rétt ímynda mér hvað hefði gerst ef ég hefði verið einn þarna og ekki áttað mig. Þá hefði þessi timburbústaður bara fuðrað upp," segir Hrafnkell Á. Proppé skipulagsfræðingur, en það lá við stórslysi þegar gashella í sumarbústað fjölskyldu hans var nýverið næstum búin að kveikja í bústaðnum. Þá segist Hrafnkell hafa heyrt svipaðar sögur frá fólki í kringum sig í kjölfar slyssins.

Gashellan í sumarbústaðnum er tengd lögn sem liggur út úr bústaðnum og í gaskút sem er geymdur fyrir utan. Svo virðist sem vatn hafi komist inn í þrýstiminnkarann á gaskútnum, frosið og skemmt þrýstiminnkarann með þeim afleiðingum að gasflæði úr kútnum var mun meira en öruggt getur talist.

Kjartan S. Guðjónsson, starfsmaður Olís, þekkir vel til gaskúta- og grilla. Hann segir sjaldgæft að þrýstiminnkarar skemmist með þessum afleiðingum en brýnir þó fyrir fólki að verja gaskúta sem eru geymdir utandyra fyrir því að vatn komist inn í þrýstiminnkara.

„Það sem er líklegast að hafi gerst þarna er að gaskúturinn hafi verið geymdur úti óvarinn, án yfirbreiðslu. Þá hefur rignt og snjóað á kútinn, vatn farið inn í þrýstiminnkarann og frosið inni í honum. Frostið hefur síðan valdið skemmdum," segir Kjartan og heldur áfram: „Það er hins vegar mjög sjaldgæft að þrýstiminnkarar bili á þennan hátt; yfirleitt bila þeir þannig að það kemur einfaldlega ekkert út úr gaskútnum."




**GASKÚTUR** Mikilvægt er að breiða yfir gaskúta sem geymdir eru utandyra í frostinu. Annars er hætta á að vatn smjúgi inn í þrýstiminnkarann í gaskútnum og frjósi sem getur eyðilagt þrýstiminnkarann. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Kjartan segir að slysahætta sé þó meiri þegar gaskútar séu geymdir utandyra fyrir notkun í heimahúsi. Það sé mjög varasamt og ennþá varasamara en ef um grill utandyra væri að ræða. Þá bendir hann á að frostskemmdir valdi því að skipta þurfi um þrýstiminnkara. Skynsamlegra sé að verja einfaldlega gaskútana og þurfa þá ekki að skipta og eiga ekki á hætta að lenda í slysum.

magnusl@frettabladid.is



**STRÆTÓ** Nemar í grunnskólum höfuðborgarsvæðisins fá nú líka strætókort. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Strætókort í boði fyrir alla:

# Grunnskólanemar fá kort

**SAMGÖNGUR Grunnskólanemar á höfuðborgarsvæðinu munu geta fengið nemakort í strætó frá og með áramótum. Kortin hafa hingað til aðeins verið í boði fyrir nema á framhalds- og háskólastigi.**

**Í tilkynningu frá Strætó bs. kemur fram að Umboðsmaður barna og foreldrar grunnskólanema hafi meðal annarra viljað að kortin yrðu í boði fyrir grunnskólanema.**

**Sala á nemakortunum hófst í gær og gilda kortin frá 1. janúar til maíloka.** - þeb

Tómas Már Sigurðsson:

# Verður forstjóri Alcoa í Evrópu

**VIÐSKIPTI** Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls, mun taka við sem forstjóri Alcoa í Evrópu hinn 1. janúar næstkomandi. Tómas mun hafa aðsetur í Genf og hafa yfirumsjón með álframleiðslusviði Alcoa í Evrópu. Þar með mun hann bera ábyrgð á rekstri álvera Alcoa á Íslandi, Spáni og í Noregi auk súrálsverksmiðju Alcoa á Spáni.



TÓMAS MÁR SIGURÐSSON

Starfsfólki Alcoa Fjarðaáls var tilkynnt um þetta í gær en tilkynnt verður um það síðar hver tekur við af Tómasi Má hjá Alcoa Fjarðaáli. - mþl






Svar Kína við GPS-kerfi Bandaríkjanna mun ná yfir alla Asíu fyrir lok árs 2012:

# Opið öllum en nýtist hernum

**KÍNA, AP** Kínversk stjórnvöld hafa gangsett staðsetningarnet sem gegna mun sama hlutverki og GPS-staðsetningarkerfið. Kerfið verður opið almenningi eins og GPS-kerfið en mun gera kínverska herinn óháðan bandarískum gervitunglum sem hægt er að loka fyrir.

Enn sem komið er virkar kerfið, sem kallast Beidou, aðeins í Kína en fyrir lok næsta árs er ætlunin að það nái til allrar Asíu. Beidou hefur verið í þróun frá árinu 2000 og áformað er að það nái til heimsins alls árið 2020.

Til að svo megi verða þarf að koma miklum fjölda gervitungla á braut um jörðu. Alls verður sex nýjum gervitunglum skotið á loft á næsta ári.

Forsvarsmenn Beidou-kerfisins segja skekkjumörkin um tíu metra. Talið er víst að með aðgangi sem kínverski herinn hefur að kerfinu sé nákvæmnin meiri, samkvæmt frétt BBC um málið.

Kerfið nýtist meðal annars til að miða stýriflaugum, og hafa sérfræðingar bent á að með því megi gera árásir á Taívan og önnur nágrannaríki Kína. Þá er kerfið nauðsynlegt til að nota mannlausar flugvélar.



**Á BRAUT UM JÖRÐU** Sex kínverskum gervitunglum verður skotið á braut um jörðu á næsta ári. NORDICPHOTOS/GETTY

Kínverjar eru þriðja þjóðin sem hefur komið sér upp tækni af þessu tagi. Auk GPS-kerfisins sem Bandaríkin eiga rekur Rússland sitt eigið kerfi, Glonass. Þá vinnur Evrópska geimvísindastofnunin að þróun staðsetningarnets sem fengið hefur nafnið Galileó. - bj

www.volkswagen.is




# Caddy – góður vinnufélagi

**42.575 kr. á mánuði m.v. 30% útborgun**

Afborgun miðast við óverðtryggðan bílasamning í 60 mánuði á 8,95% föstum vöxtum fyrstu 36 mánuðina. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 10,99%. Kynntu þér fjármögnunarleiðirnar á www.landsbankinn.is eða í síma 410 4800.

## Volkswagen Caddy er mest seldi bíllinn í sínum stærðarflokki

Caddy er áreiðanlegur, sparneytinn og þægilegur í allri umgengni. Lipur vinnuþjarkur með frábæra akstурseiginleika. Hann er fáanlegur með bensín-, dísil- og metanvélum frá framleiðanda.

Volkswagen er leiðandi í sölu á metanbílum á Íslandi og hefur Caddy verið í boði sem metanbíll hérlendis í rúm tíu ár með frábærum árangri fyrir eigendur og umhverfið.

Staðalbúnaður í Caddy er meðal annars rennihurðir á báðum hliðum, tvöföld afturhurð, ESP stöðugleikastýring og spólvörn, fullkomin aksturstölva, útihitamælir, fjarstýrðar samlæsingar, hæðarstilling á bílstjórasæti, rafstýrðir og hitaðir útispeglar og fleira.

**Caddy* kostar aðeins frá**

**2.850.000 kr.**

**(kr. 2.270.916 án vsk)**

*Miðað við Caddy TSI bensín, 86 hestöfl, beinskiptur. Aukahlutir á mynd, álfelgur og þokuljós.

**Atvinnubílar**

HEKLA

**Reynslan er góð!**

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

**Til afgreiðslu strax**

## GENGIÐ 27.12.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,05 | 122,63 |
| Sterlingspund | 190,99 | 191,91 |
| Evra | 159,56 | 160,46 |
| Dönsk króna | 21,457 | 21,583 |
| Norsk króna | 20,464 | 20,584 |
| Sænsk króna | 17,794 | 17,898 |
| Japanskt jen | 1,5659 | 1,5751 |
| SDR | 188,12 | 189,24 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

218,4696

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fimmtán ára hugmynd að veruleika í breyttri mynd í 650 milljóna framkvæmd:

# Byggja félagsmiðstöð í Spönginni

**REYKJAVÍKURBORG** Verja á 650 milljónum króna í byggingu nýrrar félagsmiðstöðvar í Spönginni í Grafarvogi. Þar munu þjóðkirkjan og hjúkrunarheimilið Eir meðal annarra hafa aðstöðu.

„Þarna verður fyrst og fremst aðstaða fyrir Korpúlfa, sem er félagsstarf eldri borgara í Grafarvogi. Kirkjan verður þarna með kirkjusel og Eir með þjónustu fyrir heilabilaða,“ segir Hrólfur Jónsson, forstöðumaður framkvæmda- og eignasviðs borgarinnar. Nýja byggingin verður einmitt tengd Eir með yfirbyggðum gangi. Áætlað er að taka húsið í notkun á árinu 2014.

Hrólfur segir hugmyndina að félagsmiðstöð á þessum stað eiga rætur að rekja aftur til ársins 1996. Útfærslan hefur tekið breytingum í gegnum tíðina. Þar til í hruninu var rætt um töluvert stærri byggingu sem einnig átti að hýsa Borgarbókasafnið og hverfisþjónustumiðstöðina Miðgarð. Bóksafnið verður hins vegar áfram í Grafarvogskirkju og Miðgarður verður í leiguhúsnæði á Gylfaflöt. - gar



**FÉLAGSMIÐSTÖÐ Í SPÖNG** Nýja félagsmiðstöðin verður tengd við hjúkrunarheimilið Eir. MYND/THG ARKITEKTAR

Danski herinn brotlegur:

# Danir afhentu Írökum fanga

**DANMÖRK Danski herinn hefur viðurkennt að hafa afhent íröskum stjórnvöldum fanga í Írak. Þá hefur herinn viðurkennt að hafa tekið mun fleiri fanga í Írakstríðinu en áður hefur verið gefið upp.**

**Tveir fyrrverandi varnarmálaráðherrar dönsku stjórnarinnar, þau Gitte Lillelund Bech og Søren Gade, segjast ekkert hafa vitað um þetta.**

**„Það er mjög alvarlegt, ef menn halda sig ekki við alþjóðalög,“ hefur danska blaðið Politiken eftir Lillelund Bech. - gb**



**EYÐILEGGING** Sprengjuárásin á aðfangadag olli miklu tjóni. NORDICPHOTOS/AFP

35 létust í sprengjuárás:

## Nígeríubúar óttast fleiri árásir

**NÍGERÍA, AP** Að minnsta kosti 35 létu lífið í sprengjuárás á kaþólska kirkju í Nígeríu á aðfangadag.

Óttast er að fleiri árásir verði gerðar á kaþólskar kirkjur þetta árið, en á síðasta ári kostuðu árásir af þessu tagi um jólin 32 manns lífið.

Þetta er því annað árið í röð sem íslamskir öfgamenn, sem vilja koma á sjaría-lögum, gera árásir á kaþólskar kirkjur í Nígeríu um jólin.

„Það verður enginn friður fyrr en gengið verður að kröfum okkar,“ sagði talsmaður samtaka sem nefna sig Boko Haram. - gb

### FÉLAGSMÁL

**Bætur borgaðar 1. janúar**

Tryggingastofnun mun greiða út bætur hinn 1. janúar, eins og venja er, þó að daginn beri upp á sunnudag. Þetta kemur fram á síðu Tryggingastofnunar.

### LEIÐRÉTT

Í leiðara blaðsins í gær var missagt að verja ætti 25 milljörðum til vitundarvakningar gegn kynbundnu ofbeldi. Upphæðin er 25 milljónir.

# Áfengi og tóbak verða dýrari

**Þrepamörk skattkerfisins breytast um áramótin og hafa áhrif á tekjuskatta. Þá hækka álögur á ýmsar neysluvörur, svo sem áfengi, tóbak, bensín og olíu. Afla á tæpra 10 milljarða króna í nýjar tekjur 2012.**

**NEYTENDUR** Viðbótartekjuöflun ríkissjóðs árið 2012 mun skila 20,7 milljörðum króna, nái áætlanir fram að ganga. Sala ríkiseigna og arður af eignum ríkissjóðs á að skila 11 milljörðum, en 9,7 verða í formi skatttekna. Fréttablaðið kynnti sér hvaða breytingar skella á um áramótin.

Breytingar verða á tekjuþrepum skattkerfisins og hækka mörkin á milli fyrsta og annars þreps um 9,8 prósent. Það þýðir að fleiri falla í fyrsta þrepið og hærri upphæð fellur undir það hjá þeim sem fara í hærri þrep. Mörk annars og þriðja þreps hækka einnig, en sú hækkun nemur 3,5 prósentum. Þessar breytingar munu skila ríkissjóði 300 milljónum lægri tekjum. Þær á að vega upp með framlengingu heimildar til úttektar á séreignasparnaði, sem nemur þremur mánuðum.

Gjald af áfengi og tóbaki, bifreiðagjald, útvarpsgjald og gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra hækkar um 5,1 prósent og sérstakt vörugjald af bensíni, sem og olíugjald, hækkar um 2,5 prósent að teknu tilliti til hækkana á kolefnisgjaldi sem á að hækka um þriðjung. Þetta er metið til 0,2 prósenta hækkunar á vísitölu neysluverðs.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins fór fram á að gjald á neftóbak yrði hækkað um 200 prósent, en það er nú 4,12 krónur á hvert gramm, eða hluta úr grammi. Niðurstaðan var að hækkunin nemur rúmlega 30 prósentum. Gert er ráð fyrir að það skili um 94 milljónum króna í ríkissjóð.

Þá má nefna það að bifreiðagjald hækkar, sem og vörugjöld af bensíni og olíu. Það má því gera ráð fyrir að rekstur bifreiða verði dýrari.

Hvað fyrirtæki varðar ber mest á fjársýsluskatti sem lagður verður á fjármálafyrirtæki. Skatturinn leggst á launagreiðslur. Til stóð að hafa skattinn 10,5 prósent en í meðförum efnahags- og viðskiptanefndar lækkaði hann í 5,45 prósent. Það var ekki síst til að mæta gagnrýni um að skatturinn þýddi að fyrirtækin drægju úr launakostnaði sínum með því að segja upp fólki. Í staðinn verður lagður á skattur á hagnað fjármálastofnana umfram eina milljarð.

Umhverfis- og auðlindaskattur hækkar einnig og mun það hafa áhrif á eldsneytiskostnað fyrirtækja.

kolbeinn@frettabladid.is

**20,7** milljarðar eru viðbótartekjur ríkissjóðs 2012, þar af 9,7 milljarðar í formi skatttekna.




**ÁFENGI** Útsöluverð áfengis hækkar um 2,3 til 4,3 prósent um áramótin. Sterka vínið hækkar mest.

## Einstaklingar

**TEKJUR**

- Breyting á skattþrepum
- Mörk milli fyrsta og annars þreps í tekjuskatti einstaklinga hækka úr 209.400 kr. tekjuskattsstofni á mánuði í 230.000 kr. sem jafngildir 2.760.000 kr. á ári. Hækkun um 9,8 prósent.
- Mörk milli annars og þriðja þreps hækka úr 680.550 kr. tekjuskattsstofni á mánuði í 704.370 kr. en það eru 8.452.400 kr. á ári. Þetta er hækkun um 3,5 prósent.
- Auðlegðarskattur. Nýtt 2 prósenta viðbótarskattþrep á eignir einstaklinga annars vegar og hjóna hins vegar yfir tiltekin mörk sem skili 1,5 milljörðum kr. á næsta ári.
- Frádráttur iðgjalda. Heimild til frádráttar iðgjalda frá tekjuskattsstofni vegna viðbótarlífeyrissparnaðar verði 2 prósent í stað 4 prósenta næstu þrjú árin sem skili 1,4 milljörðum.

**NEYSLA**

- Áfengi. Hækkun krónutölu gjalds. Skilar 2,3 til 4,3 prósenta hækkun útsöluverðs.
- Tóbak. Hækkun krónutölu gjalds. Skilar um 3,5 prósenta hækkun heildsöluverðs til smásala.
- Neftóbak. Hækkun krónutölu gjalds. Skilar um 35 prósenta hækkun heildsöluverðs til smásala.
- Bifreiðagjald. Bifreiðagjald ökutækja að eigin þyngd 3.500 kg eða minna hækkar úr 5.000 í 5.255 fyrir losun allt að 121 gramms af brennisteini kolefnislosun. Losun hvers gramms umfram það hækkar úr 120 krónum í 126.
- Vörugjald af bensíni og olíu hækkar um 2,5 prósent.
- Gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra hækkar um 5,1 prósent. Skilar 90 milljónum í ríkissjóð.
- Útvarpsgjald. Hækkar úr 17.900 í 18.800 krónur á ári. Skilar 200 milljónum í ríkissjóð.

## Fyrirtæki

Umhverfis- og auðlindaskattur. Fjárhæð kolefnisgjalds á hvern lítra af gas- og dísilolíu hækkar úr 4,35 í 5,75 krónur, á hvern lítra af bensíni úr 3,80 í 5 krónur og á hvert kílógramm af brennsluolíu úr 5,35 í 7 krónur. Verður óbreytt á flugvéla- og þotueldsneyti, 5,35 krónur.

Fjársýsluskattur. Leggst á allar tegundir launa eða þóknana fyrir starf, hverju nafni sem nefnist, hjá fjármálafyrirtækjum. 5,45 prósenta skattur. Við álagningu opinberra gjalda árin 2012 og 2013 skal til viðbótar við sérstakan skatt samkvæmt lögunum greiða 0,0875 prósent af skattstofni. Gjalddagi viðbótarskattsins er 1. nóvember 2012 og 2013.




## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**BJART OG STILLT** verður fram eftir degi en svo vex vindur með éljum og snjókomu sunnan og vestan til. Það sem eftir lifir árs verða nokkrar sviptingar í veðrinu, það gengur lægð yfir landið seint á föstudag með snjókomu, slyddu og jafnvel rigningu og miklum vindi.




**Á MORGUN** Strekkingur með SV og S-strönd annars hægari.

**FÖSTUDAGUR** Vaxandi vindur sunnan og vestan til, jafnvel stormur.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 16° |
| Basel | 7° |
| Berlín | 7° |
| Billund | 6° |
| Frankfurt | 7° |
| Friedrichshafen | 6° |
| Gautaborg | 6° |
| Kaupmannahöfn | 6° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 10° |
| Mallorca | 16° |
| New York | 9° |
| Orlando | 17° |
| Ósló | 5° |
| París | 7° |
| San Francisco | 13° |
| Stokkhólmur | 4° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is



NÚ GENGUR HANN ÚT!

Drögum
Í DAG
28. desember

# STÆRSTI VINNINGUR SÖGUNNAR

Nú lýkur **Milljónaveltunni** og vinningurinn er **90 milljónir á einn miða!**
**Nú fer hann út!** Aðeins dregið úr seldum miðum.



**5x 1 milljón**

Í hverri **Milljónaveltu** drögum við að auki út **5 stakar milljónir** aðeins úr seldum miðum.

SÉRSTAKIR AUKA-VINNINGAR

**10 x 500.000 kr.**

**Fáðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 66 11 eða hjá næsta umboðsmanni.**

## Opið í dag til kl. 16.00

PIPAR\TBWA • SÍA • 113238

HÁSKÓLI ÍSLANDS
1911-2011

Háskóli Íslands fagnar nú hundrað ára afmæli sínu. Happdrættið er í eigu Háskóla Íslands og öllum hagnaði af rekstri þess hefur frá upphafi verið varið til uppbyggingar hans.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
VÆNLEGAST TIL VINNINGS

## KJÖRKASSINN



*Fórst þú í kirkju um jólin?*

JÁ 12,2%

NEI 87,8%

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Eiga lögreglumenn að hafa aðgang að skotvopnum í læstum hirslum í lögreglubílum?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Fyrsta lánið á alþjóðlegum markaði sem opinbert fyrirtæki tekur frá hruni:

# Landsvirkjun endurnýjar veltulán

**VIÐSKIPTI** Landsvirkjun hefur skrifað undir samning um nýtt sambankalán á alþjóðlegum bankamarkaði, hið fyrsta sem opinbert íslenskt fyrirtæki gerir frá bankahruni. Um er að ræða fjölmynta veltilán til þriggja ára að fjárhæð 200 milljónir Bandaríkjadala, sem jafngildir 24,6 milljörðum króna. Landsvirkjun getur dregið á lánið og endurgreitt eftir þörfum. Þá er lánið með framlengingarheimild um tvö ár. Með lántökunni hefur Landsvirkjun lokið endurfjármögnun á sams konar láni sem var á gjalddaga í desember 2012.

„Þetta lán er ekki ætlað sem endurfjármögnunarlán heldur má eiginlega kalla það yfirdrátt. Það sem við erum að gera er að endurnýja okkar yfirdrátt,“ segir Rafnar Lárusson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, og bætir því við að lánið sé hugsað til að mæta skammtímasveiflum í lausafé eða þá sem neyðarúrræði ef markaðir lokast tímabundið.

Um lántökuna sáu Barclays Capital, Citigroup og SEB en auk þeirra tóku þátt í láninu Arion banki, JP Morgan, UBS, Landsbankinn og Íslandsbanki. - mþl



**LANDSVIRKJUN** Lánið er til þriggja ára og að fjárhæð 200 milljónir Bandaríkjadala. Þá er lánið með framlengingarheimild um tvö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Breytingar hjá þýsku fyrirtæki:

# Senda ekki póst utan vinnutíma

**TÆKNI** Starfsmenn Volkswagen í Þýskalandi munu ekki lengur fá vinnutengdan tölvupóst í farsíma sína utan vinnutíma, samkvæmt samkomulagi við fyrirtækið.

Starfsmönnum þótti mörgum óþægilegt að fá vinnutengdan póst í frítíma sínum. Nú fá þeir ekki tölvupóst í símann nema þegar þeir eru skráðir í vinnu, að því er fram kemur á vef BBC.

Þetta á þó ekki við um æðstu stjórnendur fyrirtækisins, sem geta áfram lesið póstinn sinn að nóttu sem degi. - bj










# Milljarðakröfur á Höfðatorg afskrifaðar

**Í nauðasamningsfrumvarpi Höfðatorgs ehf. kemur fram að 90% af samningskröfum verði felldar niður. Félagið skuldaði 23 milljarða króna um síðustu áramót. Íslandsbanki og Eykt eignast Höfðatorg samkvæmt samningnum.**

**VIÐSKIPTI** Íslandsbanki felldi niður 90% af þeim kröfum á Höfðatorg ehf. sem voru undir í nauðasamningi félagsins sem var samþykktur tveimur dögum fyrir jól. Höfðatorg, sem á og rekur Höfðatorgsbygginguna og óbyggðar lóðir í kringum hana, skuldaði 23 milljarða króna um síðustu áramót og var með neikvætt eigið fé upp á 10,6 milljarða króna. Pétur Guðmundsson, eigandi Eyktar og stjórnarformaður Höfðatorgs, vildi ekki veita upplýsingar um umfang þeirra samningskrafna sem liggja til grundvallar nauðasamningnum þegar Fréttablaðið leitaði eftir því í gær.

Meginatriði nauðasamningsfrumvarpsins eru þau að lánardrottnar Höfðatorgs fá 10% greiðslur upp í þær kröfur sem samningurinn nær til í formi nýs hlutafjár. Í frumvarpinu segir að í þessu felist að „samningskröfuhafar samþykkja 90% niðurfellingu samningskrafna“.

Íslandsbanki, sem var aðallánveitandi Höfðatorgs, fær 72,5% eignarhlut í félaginu samkvæmt nauðasamningnum. Hinn kröfuhafinn sem átti aðild að honum er Eykt ehf. Samkvæmt síðasta birta ársreikningi Eyktar var eigið fé félagsins jákvætt um 303 milljónir króna í lok árs 2010. Á meðal eigna þess var krafa á Höfðatorg ehf. upp á 509 milljónir króna. Á grundvelli þeirrar kröfu fékk Eykt 27,5% hlut í Höfðatorgi við endurskipulagningu félagsins. Í tilkynningu sem Íslandsbanki sendi frá sér vegna Höfðatorgs hinn 22. desember síðastliðinn kom fram að Eykt hefði átt kröfu „vegna áfallins byggingarkostnaðar við verkefnið“. Þar segir einnig að „aðrir kröfuhafar en Íslandsbanki og Eykt sem nú eiga félagið munu fá kröfur sínar greiddar“ enda séu þeir „smærri og áttu ekki aðild að nauðasamningnum“.

Höfðatorg skuldaði samtals 23 milljarða króna um síðustu áramót. Félagið tapaði 226 milljónum króna í fyrra og eigið fé þess var neikvætt um 10,6 milljarða króna. Því er ljóst að að minnsta kosti sú upphæð hefur verið niðurfelld.

thordur@frettabladid.is



**HÖFÐATORG** Fyrsti áfanginn var tekinn í notkun í byrjun árs 2008 og hýsir að mestu ýmsa starfsemi á vegum Reykjavíkurborgar. Annar áfanginn, nítján hæða turn, var opnaður í ágúst 2009. Um 70% hans eru sem stendur í útleigu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Sami eigandi að Eykt og Höfðatorgi

Eykt var áður í eigu Holtasels ehf., félags sem átti líka Höfðatorg ehf. Eigandi Holtasels er Pétur Guðmundsson. Félagið hefur ekki skilað ársreikningi fyrir árin 2009 og 2010. Fréttablaðið greindi frá því í október að Holtasel og dótturfélög þess hefðu skuldað rúmlega 44 milljarða króna og verið með tæpa 22 milljarða króna í neikvætt eigið fé samkvæmt síðustu birtu ársreikningum þeirra. Eina félag samstæðunnar sem var með jákvætt eigið fé var Eykt ehf., sem er nú skráð í eigu félagsins Mókollur ehf. Eigandi þess félags er Pétur Guðmundsson. Mókollur var tómt félag um síðustu áramót.

Fyrstu eftirlitsmenn Arababandalagsins komnir til Sýrlands:

# Stjórnarherinn farinn frá Homs

**SÝRLAND, AP** Sýrlandsstjórn kallaði herlið sitt frá borginni Homs í gær þegar fyrstu eftirlitssveitirnar frá Arababandalaginu voru komnar til landsins.

Þegar eftirlitsmenn komu til Homs að kanna ástandið þar streymdu þúsundir mótmælenda út á götur til að upplýsa um atburði liðinna vikna og mánaða þar í borg.

Aðgerðir stjórnarhersins gegn mótmælendum kostuðu að minnsta kosti 23 manns lífið í gær, til viðbótar þeim hundruðum manna sem létu lífið í vikunni á undan. Þúsundir hermanna hafa tekið þátt í umsátri um borgina Homs síðustu vikur og mánuði.

Áætlun Arababandalagsins, sem Bashar al Assad forseti samþykkti fyrir viku, felur í sér að sérsveitir hersins og öll þungvopn verði fjarlægð af götum borga landsins, viðræður hefjist við leiðtoga stjórnarandstöðunnar og bæði fréttamenn og fulltrúar mannréttindasamtaka fái að fara inn í landið.

Ekki var annað að sjá en að Assad og stjórnarherinn hefðu hert aðgerðir sínar gegn mótmælendum í Homs fyrst eftir að samkomulag tókst við Arababandalagið en í gær varð breyting þar á. - gb



**SKRIÐDREKI Í HOMS** Hundruð manna hafa látist í aðgerðum stjórnarhersins gegn mótmælendum undanfarna viku. NORDIC PHOTOS/AFP

# ÁRAMÓTASTEIKIN
## FÆST Í HAGKAUP



KALKÚNN FERSKUR
**1.749** kr/kg.



PEKINGÖND 2,6 KG
**1.288** kr/kg.

*þetta eina sanna!*




SMJÖRSPRAUTAÐ KALKÚNASKIP
**3.498** kr/kg.



FRANSKAR ANDABRINGUR
**3.498** kr/kg.

Jói FEL



ÚRBEINAÐ OG FYLLT LAMBALÆRI
**2.569** kr/kg.

ÍSLANDS LAMB



HANGIKJÖT ÍSLANDSLAMB
**2.998** kr/kg.

ÍSLANDS NAUT



RIBEYE ÍSLANDSNAUT
**3.313** kr/kg.




HAMBORGAR HRYGGUR
**1.899** kr/kg.

SALT MINNI

*Tilvaldar með áramótasteikinni!*



Rjómasveppasósa Rauðvínssósa Piparsósa Púrtvínssósa

## ALVÖRU SÓSUR
lagaðar frá grunni

Veislusósur sem eru lagaðar úr hágæða hráefni og tilbúnar beint í pottinn.

24 Hagkaup **OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

Gildir til 31. desember á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*




Öll stærstu sveitarfélögin hafa ákveðið að hækka leikskólagjöld um áramótin:

# Hækka um tugi þúsunda á ári

**LEIKSKÓLAR** Leikskólagjöld hjá öllum stærstu sveitarfélögum landsins hækka um tvö til þrjú þúsund krónur á mánuði um áramótin. Hækkunin nemur tugum þúsunda hjá foreldrum á ársgrundvelli.

Gjaldskrár leikskólanna hækka um fimm til þrettán prósent, misjafnt eftir sveitarfélögum, að því er fram kom í fréttum RÚV í gær. Hækkunin er hlutfallslega mest í Reykjavík og á Akureyri, um tólf til þrettán prósent miðað við átta tíma vistun. Leikskólagjöldin verða eftir sem áður lægst í Reykjavík. Fyrir átta tíma vistun munu foreldrar í Reykjavík greiða 24.500 krónur, foreldrar í Kópavogi 28.600 krónur og 28.600 í Hafnarfirði. Á Akureyri kostar átta tíma vistun 29.500, 33.200 í Fjarðabyggð og 34.600 á Ísafirði samkvæmt samantekt RÚV. - bj



**GJÖLDIN HÆKKA** Foreldrar í Reykjavík greiða tæplega 3.000 krónum meira á mánuði fyrir átta tíma vistun, um 36 þúsund krónur á ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**ALEXEI NAVALNÍ** Hefur með eldmóði sínum og bloggskrifum náð að höfða til ungu kynslóðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Gæti reynst Pútín erfiður mótherji

**Ný stjarna hefur skotið upp kollinum meðal mótmælenda í Rússlandi. Pútín hafnar endurtalningu atkvæða úr þingkosningunum en hvetur stuðningsmenn sína til að tryggja að framkvæmd forsetakosninganna í mars verði gallalaus.**

**RÚSSLAND, AP** Fremsti leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Rússlandi þessa dagana er Alexei Navalní, sem hefur lagt meira fram en aðrir til þess að leggja grunn að mótmælahreyfingunni sem nú velgir Vladimír Pútín forsætisráðherra undir uggum.

Navalní virðist eiga auðvelt með að ná til fólks, eins og vel sást á fjölmennum mótmælafundi í Moskvu um helgina, þar sem tugir þúsunda manna hrópuðu fagnandi. Ekki er annað að sjá en að vegur hans eigi aðeins eftir að fara vaxandi.

Navalní er lögfræðingur sem hefur barist gegn spillingu í Rússlandi. Hann er einnig vinsæll bloggari og virðist hafa náð til unga fólksins, sem fór ekki að taka þátt í mótmælum að ráði fyrr en eftir að hafa lesið hvatningarorð hans á netinu.

Hann var handtekinn fyrr í mánuðinum eftir að hann fór í fararbroddi mótmælagöngu gegn þingkosningunum sem haldnar voru í byrjun desember. Meðan hann sat í fangelsi dró heldur úr eldmóði mótmælendahópsins, en hann var svo látinn laus skömmu fyrir jól og þá hljóp nýr kraftur í mótmælendur, sem mættu fílefldir á laugardaginn var.

Rússneskir ráðamenn eru farnir að átta sig á því að Navalní geti reynst þeim skeinuhættur en hafa lítið getað að gert. Vladimír Pútín forsætisráðherra gerir samt lítið úr stjórnarandstæðingunum sem efnt hafa til þessara fjölmennu mótmæla.

„Vandinn er sá að þeir hafa ekki neina sterka stefnu, né heldur skýrar og skiljanlegar leiðir til að ná fram markmiðum sínum, sem eru reyndar ekki skýr heldur," sagði hann á fundi með stuðningsmönnum sínum í gær. „Það vantar líka fólk sem er fært um að gera eitthvað áþreifanlegt."

Pútín segist hins vegar vilja að forsetakosningarnar í mars verði gegnsæjar og áreiðanlegar. Hann hafi engan áhuga á því sem frambjóðandi að niðurstöðurnar verði ekki marktækar.

Hann hvatti jafnframt stuðningsmenn sína til að tryggja að kosningarnar færu vel fram, þannig að framkvæmdin kallaði ekki á harða gagnrýni eins og þingkosningarnar.

Hann neitar hins vegar að verða við kröfum um að atkvæðin úr þeim kosningum verði endurtalin vegna ásakana um kosningasvindl. gudsteinn@frettabladid.is




Hópur fólks og félaga vill að starfsleyfi fyrir erfðabreytta ræktun verði afturkallað:

# Óásættanlegt að leyfi hafi verið veitt

**LANDBÚNAÐUR** Hópur fólks og félaga sem eru andvíg því að erfðabreytt bygg verði ræktað í gróðurhúsi Landbúnaðarháskóla Íslands að Reykjum í Ölfusi skorar á sveitarstjórnir á svæðinu að beita sér fyrir því að leyfi til ræktunarinnar verði afturkallað.

Í greinargerð sem hópurinn hefur skrifað er Umhverfisstofnun harðlega gagnrýnd fyrir að kynna málið ekki fyrir sveitastjórn í Hveragerði eða hagsmunaaðilum í nágrenni gróðurhússins. Þá er það gagnrýnt að engin grenndarkynning hafi átt sér stað og íbúar því ekki fengið tækifæri til að vega og meta áhrif leyfisveitingarinnar.



**ÓTTI** Fullyrðingar um að ræktun á erfðabreyttu byggi í Ölfusi sé hættulaus hafa ekki slegið á ótta við að erfðabreyttar plöntur komist út í íslenska náttúru.

Telur hópurinn einnig að heilbrigði umhverfis nærri gróðurhúsinu, auk ímyndar svæðisins, sé stefnt í hættu með því að leyfa ræktunina.

Meðal þeirra sem skrifaðir eru fyrir greinargerðinni eru Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands, Samtök lífrænna neytenda, Slow Food samtökin á Íslandi og Neytendasamtökin.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu er gróðurhúsið þar sem ræktunin mun fara fram í innan við þúsund metra fjarlægð frá Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði.

Umhverfisstofnun veitti leyfi fyrir ræktuninni 30. nóvember síðastliðinn. Í greinargerð stofnunarinnar segir að engar líkur séu á því að plönturnar sem ræktaðar verða í gróðurhúsinu hafi áhrif á plöntur utan þess. - bj



Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni

# Tenerife

## 2. janúar

Einstakt verð!



### Flugsæti

**Verð frá 74.900 kr.***

og 15.000 Vildarpunktar

2. jan. Tenerife

Innifalið: Flug fram og til baka með sköttum.

*Verð án Vildarpunkta 84.900 kr.

### Beint morgunflug, með Icelandair.

*Það var þessi þægilegheitatilfinning sem við höfðum í huga þegar við settum nýtt afþreyingarkerfi flugflota Icelandair. Hver farþegi hefur sinn eigin skjá þar sem er í boði án endurgjalds fjölbreytt úrval af kvikmyndum, vinsælum sjónvarpsþáttum, tónlist og tölvu-leikjum. Hver og einn velur sína eigin dagskrá og getur auk þess sótt upplýsingar um flugferðina sjálfa og margt fleira.*

*Vinsamlegast athugið:*

*Einstaka sinnum kemur fyrir að farþegar VITA fljúgi með Icelandairvél sem ekki er búið að setja í ný sæti og nýtt afþreyingarkerfi.*

## LUKKULÍF VITA

Lukkulíf VITA gerir þér kleift að velja áfangastað og brottfarardag en upplýsingar um gististað berast þér síðar.

**Verð frá 109.900 kr.***

og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 í íbúð í 15 nætur, 2. jan.
Innifalið: Flug fram og til baka, flogið heim frá Las Palmas, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

* Verð án Vildarpunkta 119.900 kr.

Aðrir gistimöguleikar í boði



VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 57768 12/11




Hagkerfi Brasilíu er orðið sjötta stærsta hagkerfi heims:

# Brasilía farin fram úr Bretlandi

**BRASILÍA** Samkvæmt nýrri úttekt er hagkerfi Brasilíu orðið stærra en hagkerfi Bretlands. Brasilía er þar með komin í sjötta sæti yfir stærstu hagkerfi veraldar.

Þetta er niðurstaða stofnunar sem nefnist Miðstöð í efnahags- og viðskiptarannsóknum, CEBR.

Íbúar Brasilíu eru reyndar meira en þrefalt fleiri en íbúar Bretlands.

Hagvöxtur í Brasilíu mældist 7,5 prósent á síðasta ári en verður að öllum líkindum 3,5 prósent í ár.

Fyrr á þessu ári varð hagkerfi Kína stærra en hagkerfi Japans. Í efstu þremur sætunum eru því nú, í þessari röð: Bandaríkin, Kína og Japan.

Þar á eftir koma Þýskaland, Frakkland, Brasilía, Bretland, Ítalía, Rússland og Indland.

Stofnunin spáir því að árið 2020 verði staða efstu þriggja ríkjanna óbreytt en næst á eftir verði röðin sem hér segir: Rússland, Indland, Brasilía, Þýskaland, Bretland, Frakkland og Ítalía.

Upprennandi efnahagsveldi þriðja heimsins svonefnda verða þá komin upp fyrir Evrópuríkin, þótt Bandaríkin tróni enn í efsta sætinu samkvæmt þessari spá. - gb



**MARKAÐSTORG Í BRASILÍU** Efnahagslífið í Brasilíu er í miklum blóma. NORDIC PHOTOS/AFP

# Fella sjálfkrafa niður aukasparnaðinn

**Viðbótarlífeyrissparnaður landsmanna umfram tvö prósent mun sjálfkrafa falla niður frá og með áramótum til ársins 2015. Ekki þarf að breyta gerðum samningum hjá hverjum launamanni að mati Landssamtaka lífeyrissjóða.**

**FRÉTTASKÝRING**

Þurfa þeir sem nú greiða fjögurra prósenta viðbótarlífeyrissparnað að bregðast við breyttum reglum?

Aðeins verður heimilt að leggja tvö prósent af launum vinnandi fólks í viðbótarlífeyrissparnað næstu þrjú ár, í stað fjögurra prósenta nú, samkvæmt nýlegri lagabreytingu Alþingis. Þeir sem hafa nýtt sér heimild til að safna sér viðbótarlífeyrissparnaði þurfa þó ekki að segja upp eða breyta þeim samningum sem þeir hafa gert um sparnaðinn.

Hlutfall viðbótarlífeyrissparnaðar hjá þeim sem hingað til hafa lagt fjögur prósent aukalega til hliðar með samningi við lífeyrissjóð verður sjálfkrafa fært í tvö prósent, samkvæmt upplýsingum frá Landssamtökum lífeyrissjóða.

Talsverður fjöldi launþega sparar umfram tvö prósent. Viðbótarlífeyrissparnaður meðal launþegans er þannig um þrjú prósent, samkvæmt greinargerð sem lögð var fram á Alþingi.

Þó að fólki sé tæknilega ekki bannað að leggja fjögur prósent til hliðar er lagður tekjuskattur á allt umfram fyrstu tvö prósentin. Það gerir það að verkum að sú fjárhæð yrði tvísköttuð. Fyrst er greiddur skattur af þessum tekjum við útborgun, og svo aftur þegar sparnaðurinn er tekinn út í fyllingu tímans.

Þetta þýðir að forsendur fyrir þessum aukasparnaði eru brostnar, að mati Landssamtaka lífeyrissjóða. Skattalöggjöfin geri það með öðrum orðum ekki fýsilegt að spara meira en tvö prósent af launum með þessum hætti.

Lagabreytingin er tímabundin og gildir frá næstu áramótum og út árið 2014. Verði lögum ekki breytt aftur verður launþegum þá aftur gert kleift að leggja meira inn í lífeyrissjóði árið 2015.



**LAUNAFÓLK** Viðbótarlífeyrissparnaður launþega verður sjálfkrafa takmarkaður við tvö prósent frá og með áramótum til ársbyrjunar 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Hækkar skatttekjur um 1,4 milljarða

Með því að takmarka viðbótarlífeyrissparnað tímabundið við tvö prósent í stað fjögurra munu tekjur ríkissjóðs aukast um 1,4 milljarða króna á árinu 2012, samkvæmt greinargerð sem lögð var fram á Alþingi.

Þar sem þær upphæðir sem lagðar eru í viðbótarlífeyrissparnað eru ekki skattlagðar fyrr en sparnaðurinn er tekinn út er ríkið að skattleggja strax hærra hlutfall af tekjum þeirra sem safna viðbótarlífeyri með þessum hætti.

Einnig má reikna með að tekjur ríkisins aukist af auknum veltusköttum. Stjórnvöld reikna með öðrum orðum með því að fólk eyði því strax sem eftir stendur af þessum tveimur prósentum þegar tekjuskattur hefur verið greiddur, í stað þess að spara með öðrum hætti.

Launþegar þurfa ekki að bregðast sérstaklega við til að koma í veg fyrir að laun þeirra verði tvísköttuð. Það er vinnuveitandans að sjá til þess að viðbótarlífeyrissparnaðurinn takmarkist við tvö prósent.

Landssamtök lífeyrissjóða leggja þó til að launagreiðendur haldi utan um það með markvissum hætti hverjir hafi fram til áramóta lagt hærra hlutfall af launum sínum í viðbótarlífeyrissparnað. Þannig sé hægt að tryggja að sparnaðurinn geti hafist að nýju í samræmi við þá samninga sem gerðir hafi verið, frá og með útborgun launa fyrir janúar 2015.

brjann@frettabladid.is

Jólahappdrætti

Krabbameinsfélagsins

Útdráttur 24. desember 2011

Vinningar

Kia Rio EX 1.4, 3.198.000 kr.

14417 | 129815

Greiðsla upp í bifreið eða íbúð, 1.000.000 kr.

84780

Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun, 200.000 kr.

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 4372 | 27702 | 50622 | 65429 | 103134 | 118631 | 144658 |
| 6750 | 37318 | 51661 | 66962 | 103343 | 120030 | 145090 |
| 19256 | 37696 | 53466 | 69014 | 105634 | 127503 | |
| 20424 | 40703 | 58073 | 70611 | 107682 | 132359 | |
| 23164 | 41172 | 61801 | 75545 | 109161 | 133287 | |
| 24892 | 45481 | 62114 | 86117 | 112519 | 138003 | |
| 25746 | 46094 | 63406 | 87103 | 116102 | 138779 | |
| 26231 | 49112 | 63721 | 100081 | 117560 | 142044 | |

Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun, 100.000 kr.

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1388 | 27398 | 47274 | 67332 | 90298 | 117223 | 136791 |
| 4279 | 27487 | 48704 | 67672 | 92855 | 117297 | 137441 |
| 7029 | 28082 | 50000 | 68593 | 93982 | 118009 | 137765 |
| 7263 | 28254 | 50513 | 69348 | 95859 | 119024 | 139126 |
| 7624 | 29571 | 50731 | 71251 | 97241 | 120038 | 139652 |
| 7926 | 29636 | 51706 | 75872 | 100132 | 120055 | 140474 |
| 11176 | 29857 | 52494 | 76956 | 101807 | 120466 | 141495 |
| 12110 | 31488 | 53143 | 80873 | 102145 | 120874 | 141774 |
| 12953 | 33014 | 53672 | 80985 | 102530 | 122410 | 142291 |
| 14675 | 34148 | 56476 | 82357 | 104253 | 124710 | 143379 |
| 15490 | 34233 | 56650 | 82709 | 107691 | 126633 | 143592 |
| 17077 | 34785 | 56728 | 83051 | 108094 | 127651 | 143858 |
| 17280 | 36434 | 57099 | 83137 | 109818 | 128307 | 145183 |
| 18203 | 36639 | 57107 | 83839 | 109909 | 128372 | 145310 |
| 18448 | 37511 | 57314 | 84737 | 109946 | 128922 | 145858 |
| 19639 | 37790 | 58306 | 84869 | 110261 | 132701 | |
| 21701 | 40719 | 60970 | 84870 | 110930 | 133534 | |
| 23388 | 40915 | 62651 | 85219 | 111168 | 134699 | |
| 25860 | 41741 | 63487 | 87522 | 112170 | 135495 | |
| 25962 | 46208 | 64803 | 90141 | 114274 | 136761 | |

Krabbameinsfélagið þakkar landsmönnum veittan stuðning.

Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8, sími 540 1900.

Byrjað verður að greiða út vinninga þann 17. janúar nk.

Krabbameinsfélagið
www.krabb.is

Birt án ábyrgðar

nicorette
Nýárstilboð
20%
afsláttur
af öllum pakkningastærðum af:



Nicorette fruitmint lyfjatyggigúmmí
Nicorette invisi plástur
Nicorette inhalator innsogslyf

Tilboðið gildir til 31.01. 2012 í öllum apótekum Lyfja & heilsu

Lyf & heilsa
Við hlustum!

Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til meðferðar á nikótínfíkn og til að draga úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtar eru: Forðaplástur 1 stk., lyfjatyggigúmmí 24 stk.,innsogslyf - 12 stk. nikótíntappar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við lækni. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.



KRÓNAN

# SPRENGI-DAGUR

**Aðeins í dag**

Vinnur þú:

# Risa flugeldapakka?

**Allir sem versla í Krónunni í dag geta unnið Trausta, RISA flugelda-pakka frá Hjálparsveit Skáta í Kópavogi að verðmæti 16.400 kr.**

## 20 pakkar í boði

**Nýr sölustaður, Lindir Kópavogi**

HJÁLPARSVEIT SKÁTA KÓPAVOGI

**Geymdu strimilinn!**

Lukkunúmerið þitt gæti verið á honum. Vinningsnúmer verða birt á heimasíðu Krónunnar á morgun, fimmtudag.



INNLENDIR VENDIPUNKTAR 2011

# Maður kallaði mann vesaling

Húmor fyrir eigin skinni komst ekki á lista yfir heitustu tísku-fylgihluti ársins að sögn Sifjar Sigmarsdóttur er íslensk umræðuhefð hvarf aftur til tíma þjóðveldisins. „Taðskegglingar“ og „rassgarnarendar“ Íslendingasagnanna viku hins vegar fyrir „væluskjóðum“, „frjálshyggjufasistum“ og „vitlausum vinstrimönnum“ í Auðjöfrasögu og Davíðs sögu Oddssonar.

Væri þér kringara að vera heima að búi föður þíns og stanga úr tönnum þér rassgarnarenda merarinnar, er þú ást áður en þú reiðst til þings ...“ Svo mælir Skarphéðinn Njálsson er hann kveður Þorkel hák í kútinn í Brennu-Njáls sögu.

Við kunnum svo sannarlega að fara með móðganirnar hér fyrr á öldum. Enda var máttur þeirra mikill. Heiður einstaklingsins var hornsteinn þjóðveldistímans. Allt var undir þegar æran var annars vegar. Virðingarlaus maður var mannleysa. Hetjur Íslendingasagnanna víluðu ekki fyrir sér að mæta hvössum orðum með stálum stinnum, svo mikið var í húfi. Mikilvægi sæmdarinnar birtist jafnframt í hinum norræna orðaforða sem að sögn norska sagnfræðingsins Bjørn Bandlien inniheldur jafnmörg orð yfir níð og Inúítar eiga yfir snjó.

Á því herrans ári 2012 sem senn gengur í garð verða 750 ár liðin frá því þjóðveldið leið undir lok er Íslendingar gengust Noregskonungi á hönd. Er það langur tími. Þegar horft er yfir árið sem nú kveður mætti hins vegar ætla að lítið hefði breyst á þessum 750 árum.

## Hörundsár, hvumpin og blautgeðja

Eitt af því sem stóð upp úr í umræðinni árið 2011 var umræðan sjálf; umræðan var í umræðunni. Sumir dæmdu hana ómálefnalega. Öðrum þótti hún ofsakennd. Mörgum þótti að sér vegið. Einn þáttur hennar glumdi hins vegar sem leiðarstef allt frá upphafi árs til loka þess. Líkt og Njálssynir stukku upp á nef sér við það eitt að vera kallaðir taðskegglingar með þekktum afleiðingum einkenndust viðbrögð þeirra sem til umræðu voru á árinu 2011 af sömu viðkvæmni. 750 árum eftir lok þjóðveldisins erum við jafnhörundsár, hvumpin og blautgeðja og forfeður okkar sem bjuggu við kvaðir heiðurssamfélagsins. Eini munurinn er sá að í stað vopna grípum við umhugsunarlaust til hótana.

## Siðaðra manna háttur

Það var ekki að ástæðulausu sem stjórnir Hagþenkis, Rithöfundasambands Íslands, Bandalags þýðenda og túlka, Reykjavíkur Akademíunnar, Blaðamannafélags Íslands og PEN á Íslandi sendu undir lok árs frá sér tilkynningu þar sem rétturinn til tjáningarfrelsis er áréttaður. „Þyki hópum eða einstaklingum að sér vegið í ræðu eða riti, þá stendur þeim til boða, nú sem fyrr, að svara fyrir sig með sama hætti. Það kallast skoðanaskipti – jafnvel ritdeilur – og er siðaðra manna háttur í löndum þar sem lýðréttindi ríkja.“

Árið 2011 virtist mörgum einmitt gleymd listin að svara fyrir sig. Þeim mun fleiri höfðu hins vegar þróað með sér mikla færni á sviði hótana, einkum um málshöfðun. Og oft þurfti lítið til að nýfengin kunnáttan væri hagnýtt.

Dæmin urðu mýmörg. Gunnlaugur M. Sigmundsson, fyrrverandi alþingismaður, stefndi bloggaranum Teiti Atlasyni fyrir umfjöllun sína um áratuga gamla frétt Morgunblaðsins um Gunnlaug og viðskipti hans. Gunnlaugur lét þó ekki þar við sitja heldur sendi bloggaranum fjölda nafnlausra SMS-skilaboða þar sem hann kallaði Teit meðal annars „væluskjóðu“ og „ofstækismann“. Svavar Halldórsson, fréttamaður RÚV, stóð í ströngu á árinu, en tveir fyrrverandi auðjöfrar kærðu hann fyrir meiðyrði vegna umfjöllunar hans um viðskiptafléttur þeirra. Ólafur Arnarsson, hagfræðingur og pistlahöfundur hjá vefmiðlinum Pressunni, lýsti því yfir í fjölmiðlum að hann íhugaði meiðyrðamál gegn Morgunblaðinu eftir að hafa verið kallaður „vesalingur“ í Reykjavíkurbréfi.

Pistlahöfundur Fréttablaðsins, Davíð Þór Jónsson, hótaði að lögsækja femínistann Maríu Lilju Þrastardóttur, en honum þótti María Lilja vega að æru sinni er hún kallaði Bleikt og blátt sem Davíð Þór ritstýrði á árum áður klámbækling. Nokkrir pistlahöfundar vefsins Bleikt.is hótuðu að kæra aðstandendur vefsíðunnar Bleikur.is fyrir að skopstæla skvísuvefinn. Vefpressan ehf. íhugaði að höfða mál á hendur einstaklingum sem löttu auglýsendur til að eiga viðskipti við Pressuna eftir að miðillinn birti ljósmynd af fórnarlambi meintrar nauðgunar. Og svo mætti lengi telja.

## Heilagleiki sjálfsins

Erfitt er að verjast brosi yfir sumum ofangreindra dæma. Viðbrögð við því sem mörgum kann að þykja fremur léttvæg móðgun eru hvatvísleg. Enda var lítið um efndir. En heilagleiki sjálfsins var skyndilega orðinn kappsmál. Húmor fyrir eigin skinni komst ekki á lista yfir heitustu tísku-fylgihluti ársins sem innihélt ofvaxnar leðurtöskur, munstraða trefla og silkimjúka skinhelgi.

Tvennt greinir hins vegar að uppnæmi persóna og leikenda Íslendingasagnanna og þeirra sem slegið er til með orðum í dag. Hið fyrra er ásetningurinn. Á þjóðveldisöld var tilgangur hefndar að endurheimta skertan heiður. Árið 2011 kann fleira að hafa hangið á spýtunni.

## „Til að hræða starfsfólkið“

„Tjáningarfrelsið er grundvallarmannréttindi,“ sagði Eva Joly í blaðaviðtali um mitt ár 2009. „Það að mega tjá skoðanir sínar opinberlega er grundvallarréttindi. Og það má alltaf gera ráð fyrir því að þeir sem mögulega hafa framið efnahagsbrot og eiga hagsmuna að gæta haldi uppi vörnum með ógnunum og tilraunum til þöggunar.“

Halda má því fram að Eva hafi reynst sannspá. Það eru einkum einstaklingar sem hafa tjáð sig um viðskiptahætti fyrrverandi og núverandi auðmanna sem endað hafa fyrir dómi. Þótt vel kunni að vera að í sumum tilfellum hafi tilgangur stefnenda aðeins verið að fá uppreisn æru er erfitt að verjast þeirri hugsun að á tíðum hafi hann verið heldur ískyggilegri.

Ógnanir hvers konar hafa löngum þótt áhrifarík aðferð til að bæla niður skoðanir og stýra umræðunni. Ekki er tilgangurinn ávallt eingöngu sá að þagga niður í þeim sem ráðist er að. Árið 2011 hefur reynst blaðamannastétt heimsins blóðugt. Samkvæmt skýrslu frá Varnarnefnd blaðamanna (The Committee to Protect Journalists) hafa 45 blaðamenn verið drepnir vegna starfa sinna um heim allan á árinu, flestir í Pakistan. Fyrr í mánuðinum var stofnandi sjálfstæðs dagblaðs í Dagestan í Rússlandi, Khadzhimurad Kamalov að nafni, skotinn til bana af grímuklæddum byssumanni. Ritstjóra blaðsins duldist ekki þær hvatir sem lágu að baki morðinu. „Hann var viljandi drepinn fyrir utan skrifstofur blaðsins til að hræða starfsfólkið,“ sagði ritstjórinn í sjónvarpsviðtali.

Það er langt á milli kúgunaraðferða í Rússlandi og á Íslandi. Takmarkið er engu að síður hið sama.

## Íslendingasögur hinar nýju

En aftur að fornmenningu Íslendinga. Hið síðara atriði er greinir að deilur manna á þjóðveldistímanum og á árinu 2011 er orðheppni.

Rúmt ár er síðan undirrituð hóf að létta á skoðunum sínum í svokölluðum bakþönkum hér á síðum Fréttablaðsins. Hver sem tekur að sér slíkt verk gerir sér grein fyrir að óhjákvæmileg aukaverkun starfsins er að verða reglulega fyrir daunillum orðaflaumi upprunnum í iðrum internetsins. Í einfeldni minni beið ég hans með eftirvæntingu. Ég var nefnilega þeirrar skoðunar – að minnsta kosti í sjálfsþóttafullu orði – að væri ekki verið að svívirða mig sem pistlahöfund í málfræðilegu tómarúmi athugasemdakerfa vefmiðla á borð við dv.is, Eyjuna og Facebook þar sem stafsetningarkunnátta er jafnsjaldséð og almenn skynsemi væri ég að gera eitthvað rangt; væri ég ekki að pirra þá sem bólusettir höfðu verið fyrir meðalhófi eða reita til reiði þá sem mátu hugmyndafræði ofar hlutlægni í hugsun væru skrifin vart að vekja marga til umhugsunar heldur.

Loks rann upp stundin sem ég hafði beðið eftir. Internetmóðgununum hafði ég hugsað mér að mæta af svölu tómlæti og aðdáunarverðri yfirvegun. Það var jú réttlátt að þeim sem settist í yfirlætislegt dómarasæti pistlahöfundar væri sýnt aðhald með andstæðum skoðunum. En viðbrögð mín urðu önnur. Eftir að hafa velt mér upp úr hverju einasta illa stafsettu orði svo lengi að það missti merkingu sína svall mér skyndilega móður. Leið mín lá beint inn á Gulu síðurnar. Leitarorðið var: Lögfræðingur.

Það var ekki fyrr en símtólið var komið á loft að æðið bráði af mér. Það rann upp fyrir mér ljós. Þetta voru engir „rassgarnarendar“ eða „taðskegglingar“. Höggin voru að mestu rislitlar klisjur: Femí-nasisti; frjálshyggjufasisti; vitlaus vinstrimaður. Vonbrigðin helltust yfir mig. Eftir önnur 750 ár er landinn læsi Íslendingasögur hinar nýju, Auðjöfrasögu og Davíðs sögu Oddssonar kæmist ég ekki á blað með svo aum uppnefni. Ég fengi ekki einu sinni aukahlutverk á borð við Hámund halta sem bregður svo stuttlega fyrir í Njálu að enginn man eftir honum. Ég beið í ofvæni eftir að ástandið batnaði, eftir móðgun sem kæmi mér á spjöld sögunnar, en leiðin lá aðeins niður á við. Af hugmyndafræðilegum uppnefnum tóku andlausar samlíkingar við þá sem reyndust óvinsælastir þann daginn. Er ég ritaði pistil um aðdáun mína á geitaosti og óbeit á innflutningshöftum var mér jöfnum höndum líkt við Björn Inga Hrafnsson, stjórnarformann Vefpressunnar sem hafði nýlega hótað fjölda fólks meiðyrðamáli, og hinn alræmda Gillzenegger.

Það er hins vegar ástæða fyrir því að skeggleysi Njáls er ein eftirminnilegasta móðgun Íslendingasagnanna. Í þeim beittustu er sannleikskorn. Ég lét mér detta í hug að redda þessu sjálf; skrifa einfaldlega nokkrar móðganir um sjálfa mig á vefinn. Ég íhugaði að fá eina fræga að láni úr Simpson-fjölskyldunni þar sem Frökkum er lýst sem „ost-gúffandi uppgjafaröpum“ (e. „cheese-eating surrender monkeys“) og uppnefna sjálfa mig „geitaosts landráðsmanninn“. Jafnvel gera grín að því að ég er með stórt nef og óeðlilega langa handleggi. En í því hefði falist jafnlítil fróun og að skreyta sig stolnum fjöðrum.

## Tepruskapur og tjáningarfrelsið

Viðkvæmni þjóðveldisins án orðheppni Íslendingasagnanna er aum blanda. Af henni er þó lítill ami annar en sá að opinber umræða er svipt öllu skemmtanagildi. Öðru gildir hins vegar um hótanagleðina sem fylgt hefur hneykslunargirninni.

Íslenskufræðingurinn og rithöfundurinn Ármann Jakobsson hefur gert athuganir á hugmyndum um karlmennsku í Njálu, en ein vinsælasta aðferð Íslendingasagnanna þegar hafa átti af mönnum heiðurinn var einmitt að grafa undan manndómi þeirra. Í grein sinni „Masculinity and politics in Njáls saga“ leiðir Ármann að því líkur að Njáls saga sé í raun ádeila á karlmennskuhugsjónina sem höfundi ritsins hafi þótt vera karlmönnum áþján og samfélaginu öllu til eyðileggingar.

Fyrrnefndur heilagleiki sjálfsins hefur burði til að verða samfélagi nútímans álíka niðurrifsafl og karlmennskan var samtíðarmönnum Njáls og sona hans. Tjáningarfrelsið er grunnstoð lýðræðis. Ítrekaðar hótanir um málshöfðun letja fólk frá að taka þátt í skoðanaskiptum. Ein stærsta frétt ársins var hið svokallaða arabíska vor, viðleitni almennra borgara í arabaheiminum sem búið hafa við langtíma skoðanakúgun til að brjótast undan okinu. Á sama tíma, í lýðræðisríkinu Íslandi, var það látið viðgangast að tepruskapur þeirra sem til umræðu voru vegna starfa sinna eða gjörða gæfi tjáningarfrelsinu langt nef.

„Kann það oft verða að þeir menn lifa langan aldur er með orðum eru vegnir,“ mælti Kári Sölmundarson í Njálu. Hetjum Íslendingasagnanna þótti það þó skammgóður vermir að vera slegnar orðum en ekki stálum stinnum. Í dag finnst flestum slíkt viðhorf vafalaust kjánalegt. Fólki sem fórnar nú lífi og limum í fjarlægum löndum fyrir tjáningarfrelsið þykir þó líklega jafnkjánalegt að norður á Íslandi skuli menn tilbúnir að falla svo skeytingarlaust frá þessari grunnstoð lýðræðisins vegna þess eins að maður kallaði mann „vesaling“.




> Eitt af því sem stóð upp úr í umræðinni árið 2011 var umræðan sjálf; umræðan var í umræðunni. Sumir dæmdu hana ómálefnalega. Öðrum þótti hún ofsakennd. Mörgum þótti að sér vegið.



**Sif Sigmarsdóttir** er rithöfundur og pistlahöfundur í Fréttablaðinu.

Innlendir vendirpuktar 2011
Fréttablaðið gerir upp árið með greinum um innlenda vendipunkta eftir valda höfunda. Vendipunktarnir snúast um markverðar fréttir og atburði sem gerðust á árinu og gætu haft áhrif til frambúðar á Íslandi.




Strætó óskar viðskiptavinum sínum gleði og friðar yfir hátíðarnar.
Við hlökkum til að verða samferða ykkur á nýju ári.

BÖRNIN KOMA MEÐ JÓLIN

Líkt og í fyrra báðum við leikskólabörn á höfuðborgarsvæðinu um að senda okkur myndir til að skreyta strætisvagnana fyrir þessi jól. Krakkarnir voru duglegir að teikna og lita og við fengum skrautlegar jólamyndir frá 60 leikskólum. Hér höfum við raðað öllum 1.642 myndunum saman þannig að þær mynda merkið okkar.

Skoðaðu sýninguna á öllum listaverkunum á vef okkar: www.strætó.is

strætó.is

ÍSLENSKA SIA.IS STR 56551 12.2011


Við getum treyst á þau
nú treysta þau á okkur
Ríflega 18 þúsund sjálfboðaliðar starfa undir merkjum Slysavarnafélags Landsbjargar um allt land. Í dag er 3.500 manna útkallshópur tilbúinn að bregðast við þegar neyðarkallið berst. Við erum stoltur samstarfsaðili björgunarsveitanna sem hafa klæðst fatnaði okkar frá árinu 1928.
Við viljum minna á að nú þurfum við öll að svara kalli þeirra um stuðning.
Styðjum flugeldasölur björgunarsveitanna um áramótin.
66° NORÐUR
magazine.66north.is



**Starkaður Hróbjartsson**
Hjálparsveit skáta í Kópavogi

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Sala flugelda hefst í dag:

## Ljós og stjörnur á himni

Dagarnir milli jóla og nýárs skipta sköpum fyrir fjárhag og rekstur björgunarsveita í landinu. Ástæðan er sú, eins þversagnakennt og það kann að virðast, að þá leggja tekjur af flugeldasölu grunninn að rekstri og tækjakaupum sveitanna.

Fjáröflun til starfsemi sem gengur út á að bjarga byggir þannig á því að selja varning sem er í eðli sínu svo hættulegur að þrátt fyrir mikla fræðslu og forvarnir líða því miður ekki áramót að ekki verði óhöpp í meðförum fólks með þennan varning og í versta falli afar alvarleg slys.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is



Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess að björgunarsveitir hafi nægilegt fé til að geta haldið úti rekstri sínum og tækjakosti en eins og kunnugt er byggir starfsemi sveitanna algerlega á sjálfboðastarfi karla og kvenna sem tilbúin eru til að ganga út frá fjölskyldu sinni og vinnu þegar kallið kemur.

Ekki þarf heldur að hafa mörg orð um það mikilvæga hlutverk sem við blasir að björgunarsveitirnar gegna. Þær halda ekki einungis til fjalla að leita að týndum ferðamönnum. Þær gegna lykilhlutverki við björgunarstörf þegar náttúruhamfarir verða en auk þess má nefna verkefni eins og að liðsinna fólki við að komast á milli staða þegar veður eru viðsjál og framlag þeirra til að draga úr eignatjóni við þær aðstæður.

Flugeldar þykja svo hættulegir að meðferð almennings á þeim er víða algerlega óheimil. Í þeim löndum er það eingöngu álitið á færi fagmanna að eiga við þetta sprengiefni sem breytist í litadýrð á himni þegar það er gengið í samband við eld.

Meðan flugeldatekjur eru jafn snar þáttur í fjármögnun björgunarsveitanna og nú er þá er auðvitað tómt mál að tala um að setja meiri skorður á meðferð almennings á flugeldum. Hins vegar má velta fyrir sér hvort málefnum björgunarsveitanna væri ekki betur fyrir komið með því að hlutur ríkisins væri meiri, þ.e. að hryggjarstykkið í rekstrarfé sveitanna væri skattfé. Einnig mætti hugsa sér afdráttarlausari gjaldtöku fyrir að minnsta kosti hluta þeirrar þjónustu sem björgunarsveitirnar veita.

Þá væri hægt að taka upp umræðuna um öryggismál og flugelda og taka afstöðu til þess hvort forsvaranlegt þyki að þessi hættulegi varningur fyrirfinnist á þorra heimila í landinu þar sem börn hafa meðal annars að honum aðgang. Að ekki sé minnst á hættuna sem hlýst af meðferð flugelda undir áhrifum áfengis.

Nú er hin árlega umræða hafin um það hvort menn ætli að skipta við björgunarsveitir þegar þeir kaupa flugelda, íþróttafélögin sín eða hreinlega þá sem bjóða besta verðið. Það verður auðvitað hver sá sem kaupir flugelda að eiga við sig.

Hins vegar mætti stinga upp á því að björgunarsveitir auglýstu milli jóla og nýárs aðra möguleika til að styrkja sveitirnar fyrir þá sem ekki kaupa flugelda, þó ekki væri nema reikningsnúmer sem hægt væri að leggja inn á.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

KAKA ÁRSINS 2011




Svakaleg 190 skota terta!

Kveðjum árið með stæl!

FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Handstýring hollustunnar

Um áramót kemur til hækkana á sköttum og vörugjöldum ýmiss konar vöruflokka. Sumar ráðstafanir eru til að afla fjár til að standa undir ríkisútgjöldum en aðrar eru af lýðheilsuástæðum svokölluðum. Sumar vörur eru nefnilega óhollari en aðrar og þykir skattlagning heppilegt tól til að halda neyslu þeirra í skefjum.

### Handstýring lastanna

Til dæmis hækkar heildsöluverð neftóbaks um þriðjung til að bregðast við aukinni neyslu. Merkilegt er hins vegar að innflutningur neftóbaks er heimilaður á meðan munntóbak er bannað. Ef neysla vöru, í hvaða mynd sem er, er álitin hættuleg, væri ekki hreinlega ráð að banna hana í stað þess að reyna að handstýra því upp í hvaða líkamsop hún er sett?




### Reiðinnar býsn

Útsölurnar eru nú nýhafnar og má búast við því að fjölmargir neytendur eigi eftir að falla fyrir misgóðum tilboðum um mismikilvægar vörur. Annað sem má bóka er að Facebook mun fyllast af reiðu fólki sem sér ofsjónum yfir verslunaræði samborgara sinna. Er næsta víst að frasar eins og: „Vita þau ekki að það er kreppa?!“ fá að flakka.

thorgils@frettabladid.is




## HALLDÓR




# Ofan í kassana!

Stjórnmál

Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra



Hrunskýrslurnar sögðu að á Íslandi skorti umræðuhefð. Reyndar held ég að þetta sé ekki einskorðað við Ísland. Víða gengur mönnum illa að höndla málefnalega umræðu. Á tímum Kalda stríðsins voru sósíalistar, ekki aðeins hér á landi heldur víða erlendis, afgreiddir sem aftaníossar Sovétmanna þegar þeir tefldu fram málefnalegum rökum um mikilvægi jöfnuðar í þjóðfélaginu; hvort þeir vildu ekki líka senda alla í nauðungarvist til Síberíu! Þetta var gjarnan viðkvæðið til að slökkva á allri umræðu þegar reistar voru kröfur um þjóðfélagsumbætur.

Hannes Hólmsteinn minnir okkur á þessa tíma, ekki síst með eigin efnistökum, þegar hann fjallar um sósíalista á Íslandi á árum áður. Það er ekki nóg með að hann sé ónákvæmur og fari rangt með, heldur eru hinir óþóknanlegu afgreiddir með skírskotun til þess kassa sem Hannes ætlar þeim í tilverunni.

En hvernig komumst við út úr þessari smáu kassahugsun sem aldrei hlustar á rök, horfir bara til kassans sem einstaklingunum skal troðið niður í til að svipta þá málfrelsi sínu?

Nýlega fór fram umræða um hvernig ætti að standa að fyrirsvari Íslands gagnvart EFTA-dómstólnum. Átti það áfram að vera efnahags- og viðskiptaráðuneyti eða utanríkisráðuneyti? Í ríkisstjórn vorum við ekki sammála en komumst engu að síður að niðurstöðu. Í utanríkismálanefnd fór fram nákvæmlega sams konar umræða, nema þar höfðu fjölmiðlar engan áhuga á efnisinnihaldi umræðunnar heldur á því einu að einn stjórnarþingmaður var á sömu skoðun og þingmenn í stjórnarandstöðu. Sjónarmiðin voru með öðrum orðum ekki eftir flokkslínum fremur en í ríkisstjórn. Þetta varð stórfrétt og þótti mér örla á lönguninni til að kveða upp pólitíska útlegðardóma yfir þeirri þingkonu sem hafði vogað sér ofan í rangan kassa.

> En hvernig komumst við út úr þessari smáu kassahugsun sem aldrei hlustar á rök...

Hvenær skyldum við vera tilbúin að takast á við málefnalega umræðu?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Sanngirni og jafnræði í sjávarútvegi

Sjávarútvegsmál

Ólína Þorvarðardóttir
alþingismaður



Þessa dagana stendur yfir endurskoðun á frumvarpi sjávarútvegsráðherra frá því í vor um fiskveiðistjórnun. Frumvarpið byggði á svokallaðri samningaleið sem hagsmunaaðilar í greininni höfðu lagt þunga áherslu á að lægi til grundvallar. Eins og marga rekur minni til var frumvarpinu þó fálega tekið af öllum þeim sem um það hafa fjallað, bæði fylgjendum og andstæðingum breytinga á kvótakerfinu. Er því ljóst að frumvarpið þarf að taka gagngerum breytingum.

Ráðherranefnd um fiskveiðistjórnun hefur nú málið til meðferðar – henni til aðstoðar eru fjórir stjórnarþingmenn – og er stefnt að því að leggja fram nýtt og betra frumvarp fljótlega á vorþingi.

### Jafnræði og atvinnuréttur

Eitt þeirra verkefna sem við blasa er að búa svo um hnúta að gætt verði jafnræðis við gerð og úthlutun nýtingarsamninga (til 15 ára skv. frumvarpi) og útleigðra aflaheimilda (til eins árs, svokallaður leiguhluti). Jafnframt þarf atvinnuréttur sjávarbyggðanna til nýtingar sjávarauðlindarinnar að vera tryggður. Verði áfram byggt á samningaleiðinni svokölluðu er óhjákvæmilegt að opna frekar á milli fyrirhugaðra nýtingarsamninga og leiguhluta ríkisins (tímabundinna aflaheimilda).

Í fyrirliggjandi frumvarpi er einungis gert ráð fyrir því að handhafar nýtingarsamninga geti sótt sér viðbót í leigupott. Leiðin er ekki opin á hinn veginn, þ.e. fyrir kvótalausar eða kvótalitlar útgerðir að bjóða í nýtingarsamninga. Þessu þarf að breyta. Þá þarf að tryggja ríkinu rétt til að endurúthluta nýtingarsamningum eða leigja að nýju aflaheimildir gjaldþrota útgerðarfyrirtækja eða fyrirtækja sem hætta af öðrum orsökum. Loks virðist óhjákvæmilegt að setja þak á hlutdeildarkerfið og brjóta það upp að einhverju marki.

### Nýliðun, atvinnusköpun, jafnræði

Þegar frumvarp sjávarútvegsráðherra var sent heim til föðurhúsa í lok sumars fylgdu greinargerð og tillögur okkar Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur, formanns og varaformanns sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis (sem nú hefur verið lögð niður). Við bentum ráðherra á að til að tryggja réttláta skiptingu fiskveiðiauðlindarinnar og nægjanlega nýliðun væri heppilegast að fara blandaða leið, þ.e. að hægt væri að bjóða í nýtingarsamninga ásamt því að nægjanlegt framboð aflaheimilda væri í leigupotti ríkisins.

Í frumvarpinu er leigupotturinn allt of lítill; hann þarf að auka verulega svo hann verði raunverulegur valkostur þar sem eðlileg verðmyndun aflaheimilda getur átt sér stað. Jafnhliða þarf að stórefla strandveiðar. Þetta samanlagt teljum við að geti byggt upp möguleika nýliða til áframhaldandi fjárfestinga og atvinnuþátttöku í greininni, auk þess sem það stuðlar að dreifðri eignaraðild.

### Byggðaráðstafanir

Eitt þeirra atriða sem hvað harðast hafa verið gagnrýnd í frumvarpi sjávarútvegsráðherra er „byggðabixið“ svokallaða, en það birtist í formi mismunandi potta sem ráðstafað er úr með ráðherraíhlutun til einstakra fyrirtækja og svæða. Farsælast væri að hverfa með öllu frá hugmyndum um byggða- og ívilnunarpotta og þar með miðstýringarvaldi ráðherra hverju sinni við úthlutun byggðakvóta. Þess í stað þyrfti að stækka leigupottinn verulega eins og fyrr segir.

Aflaheimildir úr leigupotti mætti svæðistengja og skilyrða við ákveðið lágmark heimilda, enda er mikilvægt – þó að horfið verði frá beinum byggðakvóta – að ríkið geti brugðist við áföllum í atvinnumálum sjávarbyggða með samningum um ráðstöfun aflaheimilda til sveitarfélaga/fyrirtækja sem skilyrt væru til ákveðins tíma. Mikilvægt er að slíkar ráðstafanir byggi á almennum, gagnsæjum úthlutunarreglum.

### Frjálsar strandveiðar í skilgreindri strandveiðihelgi

Til þess að efla nýliðun og auka hráefnisframboð til fiskvinnslu á minni stöðum tel ég rétt að stórefla strandveiðar og gefa þær „frjálsar“ innan skilgreindra (og strangra) marka. Þannig þyrfti veiðitímabilið að vera afmarkað við fimm daga vikunnar í 4-6 mánuði og einungis bátar minni en 15 brúttótonn með tvær handfærarúllur um borð fengju strandveiðileyfi. Veiðarnar yrðu skilyrtar við skráðan eiganda, sem ekki myndi gera út aðra báta á strandveiðitímanum.

Verði þessum skilyrðum fylgt strangt eftir tel ég aðrar takmarkanir óþarfar af hálfu löggjafans, því vélarafl, sjólag og gæftir munu sjá til þess að veiðarnar komi ekki niður á umhverfinu eða öðrum veiðum. Þessar umhverfisvænu, sjálfbæru veiðar myndu skila mörg hundruð störfum og stórauknum gjaldeyristekjum í þjóðarbúið.

> Sanngjarnar leikreglur, aðrsemi, sjálfbærni en ekki síst þjóðhagsleg hagkvæmni hljóta að vera leiðarljósið í þeirri vinnu sem fram undan er.

### Fiskvinnsla

Í fyrrgreindum tillögum okkar formanns og varaformanns sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar leggjum við til að lögskyldað verði að bjóða allan óunninn fisk á innlendan markað og að skilið verði milli veiða og vinnslu. Að þessu verði stefnt í áföngum þannig að vaxandi hluti fari á innanlandsmarkað uns t.d. 80% er náð. Þessi breyting gæti skapað um eitt þúsund störf. Tryggja verður að fiskvinnsla í landi og á sjó sitji við sama borð og búi við sambærilegt rekstrarumhverfi, og að allur afli skili sér að landi og sé nýttur í vinnslu. Þess má geta að Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda hafa fagnað þessum tillögum.

Til grundvallar þeirri vinnu sem fram undan er liggur stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar og stefna beggja stjórnarflokka, sem byggir ekki síst á jafnræðis- og atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar, og álit mannréttindanefndar SÞ. Í frumvarpi stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá er einnig gerð tillaga um nýtt auðlindaákvæði sem rennir enn frekari stoðum undir þann grunn sem nýtt fiskveiðistjórnunarkerfi þarf að byggja á.

Sanngjarnar leikreglur, arðsemi, sjálfbærni en ekki síst þjóðhagsleg hagkvæmni hljóta að vera leiðarljósið í þeirri vinnu sem fram undan er. Það er brýnt fyrir greinina í heild sinni en ekki síst þau sjávarútvegsfyrirtæki sem líða fyrir hráefnisskort og takmarkað aðgengi að aflaheimildum í núverandi kerfi. Almennar opnar leikreglur geta skilið milli feigs og ófeigs fyrir framtíðarmöguleika slíkra fyrirtækja og því er ekki eftir neinu að bíða.



# Nýr Landspítali: Slys aldarinnar?

Nýr Landspítali

Guðjón Baldursson
læknir



Nýr Landspítali hefur verið á teikniborðinu frá því fyrir aldamót. Fjöldi starfsmanna spítalans hefur verið á launaskrá vegna verkefnisins og sérfræðingar erlendir sem innlendir hafa verið ráðnir til þess að undirbúa framkvæmdir. Af forvarsmönnum spítalans hefur því verið haldið á lofti að hinir erlendu aðilar hafi tvívegis komist að sömu niðurstöðu varðandi staðsetningu spítalans við Hringbraut. Látið að því liggja að um hafi verið að ræða „hlutlausa" aðila. Staðreyndin er engu að síður sú að þessum aðilum hefur frá upphafi verið fullkunnugt um álit forsvarsmanna spítalans: Að hafa spítalann á Hringbrautarsvæðinu. Dæmi nú hver fyrir sig um „hlutleysi".

Fyrir liggja teikningar að nýjum Landspítala við Hringbraut. Sitt sýnist hverjum um ágæti þeirra, einkum um staðsetninguna. Stjórnendur spítalans yfir sig hrifnir en andmælendur hafa lítt haft sig í frammi.

Af hálfu almennings hefur almennt áhugaleysi og drómi einkennt öll viðbrögð. Hinn almenni borgari skilur ekki hvernig má vera að á sama tíma og spítalinn og heilbrigðiskerfið er látið finna rækilega fyrir fjársvelti er talað um gríðarlega fjárfestingu í nýbyggingu spítala sem reistur er fyrir lánsfé. Hjá hinum almenna borgara, sem á fullt í fangi með að ná endum saman, samrýmist fyrirhuguð mannvirkjagerð ekki alveg hans hugmyndum um forgangsröðun í samfélaginu. Sem dæmi um áhugaleysi landsmanna hélt Læknafélag Reykjavíkur í haust opinn fund vegna verkefnisins, var hann auglýstur fyrir almenning rækilega í fjölmiðlum. Um 100 manns mættu og á fund á vegum Reykjavíkurborgar um sama málefni mættu um 100 manns – sem sagt eins og í meðalfjölmenna erfidrykkju.

Capacent Gallup gerði nýlega skoðanakönnun fyrir Læknafélag Reykjavíkur, spurt var um staðsetningu, úrtakið var 2.350 manns. Tæp 27% voru fylgjandi því að nýr Landspítali risi við Hringbraut, 47,8% voru því andvíg en 25,5% tóku ekki afstöðu.

Í viðtali við RÚV 20.09.2011 sagði Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri, sem á sæti í umferðarhópi þar sem sitja fulltrúar slökkviliðsins, borgarinnar og lögreglunnar, að ef menn hefðu byrjað á því að teikna nýjan spítala eingöngu út frá staðsetningu varðandi sjúkraflutninga væri hann annars staðar en við Hringbrautina, meira miðsvæðis og stofnbrautir stærri.

Fyrir skemmstu var farið yfir sögu verkefnisins í Kastljósi. Í úrklippu frá árinu 2007 var viðtal við þáverandi heilbrigðisráðherra og þá sem stóðu í forystu verkefnisins á þeim tíma. Hrifningin var mikil og uppveðrunin slík að ætla mætti að um væri að ræða mesta heillaspor Íslandssögunnar. Þetta var allt æðislegt og flott og átti bara að verða tilbúið skömmu síðar. Í sömu samantekt var brot úr viðtali við þann sem þetta skrifar. Ég taldi óhyggilegt fyrir heimili að fara út í búð og kaupa flatskjá þegar ekki væri til fyrir brauði og mjólk á heimilinu. Við þessi orð stend ég enn í dag.

Áætlaður byggingarkostnaður 1. áfanga hins nýja spítala mun vera í kringum 50 milljarðar. Til samanburðar er andvirði þeirra 2.000 íbúða sem Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið frá 2006 vegna skuldavanda heimilanna um 21 milljarður. Alkunna er að byggingarkostnaður á Íslandi er ávallt vanmetinn og lenska hér að hann fari langt fram úr áætlun.

Það er ugglaust rétt að allar byggingar núverandi Landspítala eru komnar á viðhaldstíma og það fyrir löngu. Viðhaldið er dýrt. En að framkvæma aðgerð sem augljóslega er mjög umdeild og óafturkræf, svo ekki sé dýpra í árinni tekið, ber vott um ótrúlega skammsýni og þráhyggju. Það er dýrt að gera ekki neitt, segja forsvarsmenn spítalans. En er ekki ennþá dýrara að ráðast í svo umfangsmikið verkefni ef undirstöðurnar eru ekki sterkari en raun ber vitni?

Forsvarsmenn spítalans virðast komnir í öngstræti í umræðunni. Hönnunarstjóri spítalans var í útvarpsviðtali í haust vegna umræðu um samgöngur við spítalann. Fram kom að mikið væri hugsað um aðra samgöngumáta en einkabílinn, eins og að leggja áherslu á góða aðstöðu fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur, meðal annars með nokkur hundruð reiðhjólastæðum!

Er virkilega raunhæft að ætla að byltingar sé að vænta í ferðamáta Íslendinga á næstu árum, að hér fari menn meira og minna hjólandi í öllum veðrum á næstu áratugum? Ekki held ég það, þar sem vegalengd milli heimilis og vinnustaðar lengist sífellt. Þá kom fram að styrkja ætti almenningssamgöngur, hefur einhver heyrt það áður? Ekki útilokaði hönnunarstjórinn að breyta þyrfti stofnbrautum eitthvað en benti þó á að starfsmenn spítalans á leið til vinnu væru yfirleitt fyrr á ferðinni en aðrir!(?)

Miklabraut/Hringbraut ber ákveðinn umferðarþunga, varla meiri en þann sem nú er. Í öðru orðinu er af forsvarsmönnum talað um að ekki þurfi að ráðast í samgöngubætur. Í hinu orðinu að það þurfi að byggja umferðarstokk undir Miklubrautina og mislæg gatnamót til þess að létta á umferðarþunga um götuna. Talað hefur verið um göng undir Öskjuhlíðina án þess að fyrir liggi nánari upplýsingar um þau.

Þá hefur verið rætt um að tiltölulega stór hópur starfsmanna búi nálægt Landspítalanum við Hringbraut. Sé tekið mið af byggðaþróun næstu áratuga eykst vegalengd milli heimilis og vinnustaðar stöðugt. Starfsmannafjöldinn, nú 5.000, mun stöðugt aukast og búa á dreifðara svæði.

Í könnun um skipulagsslys og skipulagsklúður sem gerð var meðal félaga í Arkitektafélagi Íslands, Félagi íslenskra landslagsarkitekta og Skipulagsfræðingafélagi Íslands og birt var nýlega var Höfðatorg í fyrsta sæti, í öðru til fjórða sæti höfnuðu háhýsin í Skuggahverfinu, Háskólinn í Reykjavík og Borgartún en í fimmta sæti fyrirhugaður Landspítali við Hringbraut, sem meðal annars var kallaður „skrímsli með umferðarslaufum og ferlegum vafningum sem vonandi munu aldrei rísa".

Ríkiskassinn er tómur. Það eru ekki peningar til þess að reka heilbrigðisþjónustuna. Hagræðing er ekki lengur valkostur í stöðunni. Þjónustuskerðing við sjúklinga er orðin kaldur veruleiki og mun aukast við óbreyttar aðstæður.

Á sama tíma sitja spekingar í heilbrigðisvísindum í sínum fílabeinsturni og skeggræða um vísindasamfélagið í Vatnsmýrinni og hið hámenntaða háskólasjúkrahús við Hringbraut. Þetta væri í sjálfu sér ekkert tiltökumál ef peningarnir væru til og almenn sátt ríkti um verkefnið. Hvorugt er fyrir hendi.

Um er að ræða fyrri grein af tveimur.

# Flest flugeldaslys verða þegar leiðbeiningum er ekki fylgt

Flugeldar

Gunnar Stefánsson
sviðsstjóri hjá Landsbjörgu



Áramótin eru sá tími þegar Íslendingar safnast saman og gera sér glaða kvöldstund, skjóta flugeldum til að fagna nýju ári og kveðja það gamla. Margir eru kappsamir við þessa iðju en þá er slysahættan mest og gamanið getur breyst í viðveru á slysadeild með brunasár eða verri meiðsl. Til að koma í veg fyrir það þarf að umgangast flugelda með varúð. Verum góð fyrirmynd barnanna okkar, látum áfengi vera og förum eftir leiðbeiningum. Þá er líklegt að við förum inn í nýtt ár með bros á vör eftir mikinn ljósagang með tilheyrandi sprengingum.

**Undirbúið ykkur vel**

Flugelda skal alltaf geyma á öruggum stað þar sem börn ná ekki til og fjarri allri eldhættu. Farið vel yfir þær leiðbeiningar sem fylgja flugeldunum og ákveðið hvar skjóta á þeim upp. Þegar skotstaður er valinn er gott að hafa í huga að fjarlægð frá næstu húsum á að vera a.m.k. 20 metrar og undirstöður sléttar og stöðugar. Undirbúið stöðugan skothólk fyrir rakettur og gerið viðunandi ráðstafanir ef dýr eru í nágrenninu. Best er að halda þeim innandyra meðan skotið er.

**Pabbar og mömmur nota líka hlífðargleraugu**

Hafið tilbúna ullar- eða skinnhanska á alla fjölskylduna, þeir veita vernd gegn bruna á höndum. Einnig ættu hlífðargleraugu að vera til staðar fyrir alla þá sem eru úti að skjóta upp eða fylgjast með ljósadýrðinni. Góð regla er að fara yfir slökkvitæki og annan eldvarnarbúnað í húsinu (reykskynjara, teppi) fyrir jól og áramót.

Mesta slysahættan er dagana í kringum áramótin sjálf. Þá slasast helst unglingsdrengir sem eru að fikta með flugelda, taka þá í sundur og gera eigin sprengjur. Slys tengd því fikti hafa mörg hver verið mjög alvarleg og áverkar oft bæði á andliti og á höndum. Dæmi eru um einstaklinga sem hafa misst hluta af útlim, fengið ævilangt lýti, tapað sjón og jafnvel látið lífið. Mikilvægt er að foreldrar ræði þessi mál við börn sín og fylgist vel með iðju þeirra í kringum áramótin.

Hinn hópurinn sem er í hættu eru fullorðnir karlmenn, sem helst slasast um áramótin sjálf þegar þeir ganga óvarlega um flugeldana.

Oft er áfengi með í spilinu en óþarfi er að taka það fram að þetta tvennt á aldrei saman. Flestir slasast á höndum en augnslys eru líka algeng þó svo að alvarlegum augnslysum hafi fækkað undanfarin ár, en það má þakka almennri notkun flugeldagleraugna.

# Hjarta í ökuskírteinið

Líffæragjafir

Margrét S. Sölvadóttir
fasteignasali og kennari í Seattle



Það er yndislegt að fá að koma heim í jólafrí þegar maður býr ekki lengur á landinu kalda. Hvergi í heiminum er jólalegra eða hátíðlegra en á Íslandi á jólum. Íslendingar kunna að halda jól betur en nokkrar aðrar þjóðir að mínu mati. Svo á það svo vel við að hafa jólasnjóinn sem gerir birtu jólaljósanna enn fallegri. Mér finnst líka að það ríki einstök samkennd og hlýja í garð náungans á jólunum á Íslandi. Já, þetta er mín upplifun í hvert sinn sem ég kem til að halda jól hér heima. Íslendingar eru líka fyrstir þjóða til að taka upp nýjungar, eða það segi ég öllum erlendum vinum og kunningjum sem spyrja mikið um land og þjóð.

Ég var því svolítið undrandi þegar við umræður við vini mína hér um líffæragjafir kom í ljós að ekki er búið að taka upp þann sið hér á landi að spyrja nýja ökuskírteinishafa hvort þeir vilji gerast líffæragjafi. Þetta er gert í Bandaríkjunum og er þá sett lítið rautt hjarta í eitt horn ökuskírteinisins sem segir allt sem þarf við slíkar aðstæður.

Í Bandaríkjunum er ökuskírteinið mikið notað sem persónuskilríki og nægir það t.d. þegar flogið er á milli fylkja, svo allir sem hafa bílpróf ganga með það á sér. Þegar fólk verður fyrir slysi er gott að vita strax hvað má gera ef viðkomandi hefur það ekki af og þá er allt til reiðu til að bjarga öðrum mannslífum. Líka hlýtur það að vera auðveldara fyrir aðstandendur ef slíkt hefur verið ákveðið af gjafanum sjálfum.

Það er líka einhvern veginn svo auðveld ákvörðun að taka, þegar maður er spurður við endurnýjun ökuskírteinis hvort maður vilji vera líffæragjafi. Það fannst mér og ég er viss um að það muni mörgum finnast og þá er þessi ákvörðun staðfest. Ég vil leggja það til að þeir sem um þessi mál sjá setji þá reglu að umsækjandi ökuskíteinis sé spurður hvort hann vilji vera líffæragjafi og fá lítið sætt hjarta í hornið á ökuskírteininu sínu, sem ef til vill gæti bjargað mörgum mannslífum.





**Jólaljósin loga utandyra sem innan** og er fátt notalegra en að fá sér göngu- eða bíltúr um valin hverfi að kvöldlagi og skoða dýrðina. Sumar götur eru meira skreyttar en aðrar og er gaman að leita uppi skrautleg hús sem skera sig úr.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

**Bandaríska tímaritið Vogue Knitting skipuleggur prjónaferð til Íslands í ágúst á næsta ári.**



# Bandaríkjamenn óðir í íslenska ull og lopa

Bandaríska tímaritið Vogue Knitting undirbýr prjónaferð til Íslands í ágúst á næsta ári. Meðal viðkomustaða þess verður fyrirtækið Ístex, þar sem þátttakendur fá að kynnast íslenskri prjónahefð og -iðnaði á áþreifanlegan hátt undir leiðsögn framkvæmdastjórans Guðjóns Kristinssonar.

„Ég verð með fyrirlestur um íslensku ullina, sérstöðu hennar miðað við erlenda ull og lopann. Svo fær hópurinn skoðunarferð um verksmiðjuna til að sjá hvernig lopinn er framleiddur,“ upplýsir Guðjón, sem reiknar með allt að fimmtíu manns í heimsókn. „Þetta gætu þó orðið fleiri þar sem skráning er enn í fullum gangi.“

Vogue Knitting er í eigu sömu aðila og tísku- og hönnunartímaritið Vogue og er með virtari tímaritum sem fjalla um prjónamennsku. Árlega skipuleggur tímaritið prjónaferðir til mismunandi landa

;FRAMHALD | 2

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

















**Glimmer og gerviaugnhár.** Það er engin ástæða til að spara við sig glimmerið á áramótunum. Takið fram augnskugga í æpandi litum, setjið glimmer í kinnarnar og toppið með gerviaugnhárum. Það leyfist allt á gamlárskvöld.




# Útsala-Útsala í Flash

Útsalan hefst í dag kl 10

FLASH

Laugaveg 54, sími: 552 5201


Framhald af forsíðu



Fjöldi erlendra ferðamanna kemur hingað árlega til að kynna sér íslenskan ullariðnað. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„En þetta eru auðvitað viss meðmæli enda Bandaríkjamenn óðir í lopa.“

og verður þetta í annað sinn á sex árum sem hópur á vegum þess kemur hingað til lands gagngert í þeim tilgangi að kynna sér íslenskan prjónaskap.

Guðjón telur óvenjulegt að ekki skuli líða fleiri ár á milli heimsókna frá bandaríska fyrirtækinu með hliðsjón af þeim aragrúa landa sem taki skipulega á móti prjónafólki og handverksfélögum. „Þau létu afskaplega vel af síðustu heimsókn og langaði til að endurtaka leikinn en við áttum nú ekki von á þeim svona fljótt aftur,“ viðurkennir hann. „En þetta eru auðvitað viss meðmæli enda Bandaríkjamenn óðir í lopa.“

Íslandsheimsókn Vogue Knitting er hluti af umfangsmeira ferðalagi sem hefst í Skotlandi um miðjan ágúst á næsta ári. Þar munu þátttakendur dvelja í nokkra daga og kynna sér ullariðnað í Glasgow, Edinborg og Aberdeen áður en haldið verður til Íslands. Hér bíða skoðunarferðir um verksmiðjur Ístex, Gullni hringurinn, Bláa lónið og fleira.

*roald@frettabladid.is*





Dansarar www.jsb.is

Dansstudio JSB

Gleðilegt nýtt ár!
Ný námskeið hefjast 9. janúar

Jazzballetnám - listdansbraut

Jazz og nútímadans
fyrir 20 ára og eldri!
Spennandi og fjölbreytt 12 vikna dansnámsskeið

Jazzballett
fyrir 6 til 20 ára dansara!
Uppbyggileg dansþjálfun sem veitir svigrúm til sköpunar og frelsi til tjáningar

Nánari upplýsingar á www.jsb.is

Innritun stendur yfir í síma 581 3730 og á jsb@jsb.is. **Ný námskeið hefjast 9. janúar**

Vertu með í vetur!

Danslistarskóli JSB er samstarfsaðili að Frístundakorti Reykjavíkurborgar.

**Hagstætt !**
STUDIOKORT er árskort sem gildir á öll dansnámskeið í Dansstúdíói JSB.
Kortið veitir einnig frjálsan aðgang að tækjasal JSB.
**Verð: 64.000 kr.**

DANSLISTARSKÓLI JSB

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

**Kynning - Auglýsing**

# Skrautsýning í háloftunum

**Örn Árnason leikari veit fátt jafn skemmtilegt og að sprengja flugelda í faðmi fjölskyldunnar um áramót. Hann hefur jafnframt staðið fyrir innflutningi og sölu á flugeldum um árabil undir merkjum bomba.is og býður að þessu sinni upp á fjölbreytt úrval skotterta af bestu gerð.**

Nú styttist óðum í áramót með tilheyrandi húllumhæi. Fáir hlakka jafn mikið til og Örn Árnason leikari, sem er annálaður áhugamaður um flugelda og ætlar sem endranær að deila gleðinni með landsmönnum með sölu á öflugum skottertum að Víkurhvarfi 6 í Kópavogi.

„Ég kem til með að selja skottertur eða það sem menn kalla kökur, og ekki annað. Þetta eru einar 23 mismunandi gerðir terta sem eru til aðgreiningar kallaðar eftir íslenskum bæjarfélögum, Akureyri, Ísafjörður, Hrísey og svo framvegis,“ útskýrir Örn, sem á sjálfur heiðurinn að hönnun skottertanna í samstarfi við framleiðanda í Kína og flytur til landsins.

Örn hóf innflutning og sölu á flugeldum á tíunda áratug síðustu aldar, fyrst í samstarfi við aðra og svo á eigin vegum. Hann segist leggja heilmikla vinnu í að hanna virkni hverrar skottertu og Kínverjarnir eigi ekki í neinum vandræðum með að uppfylla óskir hans.

„Ég reyni að hafa fjölbreytta virkni í hverju skoti þannig að fyrst komi eldhali, hvellur og aftur sprenging. Svo eru mismunandi litir á milli terta og kannski ein sem skýtur beint og önnur með blævæng og svo framvegis. Þannig að þetta er voldug sýning í þrepum og hugsuð fyrir þá sem ekki vilja verja öllu kvöldinu í að klára úr pokanum heldur púðra úr einni góðri tertu,“ upplýsir hann og getur þess að gæta verði ítrustu varkárni við notkun skottertanna því engin leikföng séu þar á ferð þótt ánægju megi hafa af.

En er ekki gaman að sjá hugmyndirnar verða að veruleika? „Jú, auðvitað. Kökurnar einar og sér eru rosalega flott uppfinning. Maður er kannski með allt að 200 til 300 skot í einni skottertu í stað fjölda raketta þannig að þetta er mikil skrautsýning í háloftunum og alveg geggjað að hugsa til þess að maður hafi sjálfur hannað brellurnar með framleiðandanum.“




Örn Árnason leikari er forfallinn áhugamaður um flugelda. „Ég viðurkenni að þetta er hálfgerð geggjun. En þar sem ég nota ekki tóbak og neyti áfengis í litlum mæli sé ég ekkert athugavert við að brenna þessu svona en ekki ofan í mig.“ MYND/VALLI

Inntur út í flugeldaáhugann segir Örn hann hafa kviknað í æsku. „Ein fyrsta minningin er af gömlum karli sem bjó á fyrstu hæðinni í húsinu heima þegar ég var lítill polli. Hann mokaði flugeldum til okkar strákanna og leyfði okkur að prófa. Yfir þessu var einhver töfraljómi og þannig féll ég fyrir öllu rakettukyns, stóru sem smáu. “

Áhuginn hefur síður en svo minnkað með árunum að sögn Arnar og þvert á móti aukist ef eitthvað er. Nú taka hans eigin börn virkan þátt í skotgleðinni. „Þau eru öll með mér í þessu, bæði í að selja og sprengja. Konan fær hins vegar frí. Hún sér um heimilið á meðan og það er nú aldeilis næg vinna, að elda ofan í okkur og halda á lífi.“

En hefurðu mætt gagnrýni fyrir að vera í samkeppni við björgunarsveitirnar um sölu á flugeldum? „Vissulega, ég get ekkert sagt við því annað en að þetta er löglegt og viðskiptavinurinn ræður hvert hann fer. Hins vegar flyt ég bara inn tvö prósent af heildinni og lít því ekki á sjálfan mig sem ógn við björgunarsveitirnar. Ég er bara valkostur með sérvöru, góð viðbót við flóruna.“

Þannig að þú myndir stóla á aðstoð björgunarsveitanna ef upp kæmi sú staða að þú villtist á fjöllum? „Ætli ég verði ekki að gefa mér að björgunarsveitamenn fari ekki í manngreinarálit, ekki frekar en ég. Vonandi erum við öll vinir. Annars reyni ég bara eins og ég get að villast ekkert,“ segir hann og hlær.



**Gullfallegur Minkapels til sölu!**
**Til sölu gullfallegur nánast ónotaður brúnn síður minkapels. Stærð 40 - 42. Upplýsingar í síma 893 0076**



**Eggið eftir Arne Jacobsen til sölu!**
Eggið og skemill úr svörtu leðri eftir Arne Jacobsen til sölu. Verð er 1,5 millj. kr. staðgr. Stóll og skemill kosta út úr búð 2.2 millj. kr. Upplýsingar í gsm. 699 3799

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**

**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga. Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Snerting heilar líkaman og sál. Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. Nálægt Foldatorg. Tímapöntun nauðsynleg. Sími: 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofa Svæði 105 Holtin.

**NUDD - DEKUR - ÍÞRÓTTANUDD**
Íþróttanudd, Gigtarnudd (krepptir fingur), Svæðanudd, Dekur f. pör, vini og hópa, skrúbb, pottur, nudd og máltíð. Góð tilboð. JB Heilsulind. S. 823 8280.

# HEIMILIÐ

## Heimilistæki




## Dýrahald



Yorkshire terrier hvolpum vantar heimili. Fæddir 14.10.2011. Tilbúnir til afhendingar,heilsufarsskoðaðir, örmerktir, bólusettir og með ættbók frá HRFÍ. Uppl. s.690 2661".Augljósleg í dýrahald borga með korti og hringi í ykkur á morgun með númerið.

ENGLISH SPRINGER SPANIEL Hvolpar til sölu. S. 896 9478 Gunnar.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herbergi í miðbæ Reykjavíkur húsgögn fylgja verð 50þ. Uppl. í s. 895 0482 e. kl. 13.

Hálf-stúdíó eða herbergi til leigu á sv. 105. Skammtíma-eða langtímaleiga. Hiti og rafmagn innifalið . S. 869 2618.

## Sumarbústaðir

**GISTING - AKUREYRI**
orlofshus.is S. 897 5300.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Gisting




# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Starfskraftur óskast**
Í söluturn í Kópavogi í dagvinnu. Helst ekki yngri en 18 ára. Uppl. í s. 564 2325.

Sérð þú tækifærin? Eða ert þú ein/n af þeim sem segir aldrei fæ ég tækifæri. Þetta gæti vel hentað þér. sími 773 2100 Einar, Anna.

**Fjarðarbakarí**
**Óskar eftir starfsfólki til afgreiðslu í verslanir okkar í framtíðarstörf. Starfsmaður þarf að vera stundvís og snyrtilegur. Íslensku kunnátta nauðsynleg. Umsóknir sendist á sjofn@fjardarbakari.is eða í síma 898 0445 / 554 6729 - Sjöfn**

**Starfsmaður í gæludýravöruverslun.**

**Erum að leita eftir traustu fólki með mikla þjónustulund í verslun okkar. Starfsmaður okkar þarf að vera stundvís, ábyrgur og með reynslu af sölustörfum. Reynsla og þekking af dýrum er nauðsynleg. Um er að ræða breytilegan dagvinnutíma frá 10.00 - 19.00, og aðra hverja helgi.**

**Umsókn ásamt ferilskrá með mynd sendist til dyrabaer@dyrabaer.is Umsóknarfrestur er til og með 30. des.**

SÍMSTÖÐIN

**Kvöld- og helgarvinna**
Vegna aukinna verkefna vantar okkur öflugt og skemmtilegt fólk til úthringinga! Tímakaup og bónusar. 18 ára lágmarksaldur. Hringdu núna í síma 774 7400 gaman@simstodin.is

Jói Fel

**Hjá Jóa Fel Holtagarðar**
**Óskum eftir að ráða hörkuduglega manneskju í afgreiðslu í Bakarí hjá Jóa Fel Holtagörðum. Vinnutími 11:30-18:30 og önnur hver helgi. Íslensku kunnátta skilyrði. Áhugasamir geta sent umsókn á linda@joifel.is eða í (s. 863 7579 Linda)**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Hlýleg kona**
með fallega rödd vill kynnast karlmanni. Áhugasamir leggi inn skilaboð. Rauða Torgið, s. 905-2000, 535-9930. nr. 8161.

**MyPurpleRabbit.com**
Djörf stefnumót, heit samskipti. Einstaklingar, pör, hjón. Íslenskt viðmót.

## Námskeið

# VÉLAR OG SKIP OG VM

**Standa fyrir námskeiði og kynningu á fyrirbyggjandi viðhaldi á vélbúnaði fyrir atvinnulífið.**

Námskeiðið verður haldið 29. desember 2011 á **Grand Hótel Reykjavík** milli 13:00 til 16:00.
Fyrir námskeiðið verður boðið upp á léttar veitingar.

Fyrirlesari er **Asbjorn Ronneberg** frá **IKM Instrutek AS**, www.IKMinstrutek.no

**DAGSKRÁ:**

**1. Maintenance strategies.**
**a.** The different type of strategies.
**b.** Tools used to obtain data.
**c.** Easy ways to prolong lifetime and reduce maintenance cost.

**2. Vibration monitoring and protection systems. Steam turbines and Hydro machines and other machinery.**
**a.** Benefits of using a protection and monitoring system.
**b.** Systems for rollerbearing machines.
**c.** Systems for sleevbearing machines.

**3. Condition monitoring systems (CM). Machinery onboard ships. Ref Steffen C.**
**a.** The difference between CM and protection systems.
**b.** What benefits will you get from a CM system.
**c.** Online system.
**d.** Offline systems.
**e.** Investments versus savings.

***Nánari upplýsingar á heimasíðu VM, www.vm.is.***




***Skráning á námskeiðið á vm@vm.is eða í síma: 575-9800***

Félagsfundur **VM** verður haldinn kl. 16:00 á sama stað.

**DAGSKRÁ:**
**Málefni vélstjóra á sjó.**

VM-FÉLAG VÉLSTJÓRA OG MÁLMTÆKNIMANNA
Stórhöfða 25 - 110 Reykjavík - 575 9800 - www.vm.is

***- okkur er annt um þinn hag***

## Þjónusta

# Leiguumsjón
**láttu okkur sjá um fasteignina þína.**

**Gerð leigusamninga.**
**Auglýsingar, samskipti og upplýsingagjöf gagnvart leigutaka og leigusala.**
**Samskipti við banka vegna trygginga. Innheimta leigugjalds - skilvirk eftirfylgni innheimtu.**
**Umsjón og eftirlit með fasteigninni.**
**Markmið með leigu-umsjón er að auðvelda fasteignaeiganda útleigu fasteignar og halda verðgildi eignar.**
**Hjá Leiguliðum starfa 3 löggiltir leigumiðlarar með mikla reynslu á sviði útleigu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði.**
**Sjá www.leigulidar.is leiguumsjón eða s- 517-3440**

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**57** **LEIKARINN DENZEL WASHINGTON** er 57 ára í dag.
*„Leikur er bara leið til að afla tekna. Fjölskyldan er lífið.“*



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurgísli Sigurðsson**
húsgagna- og innanhússarkitekt,
Gullsmára 9, Kópavogi,

lést á Landspítala Fossvogi mánudaginn 26. desember. Jarðarför auglýst síðar.

**Guðmundur Vikar Einarsson** **Guðrún Garðars**
**Hjördís Sigurgísladóttir** **Dennis D. Jóhannesson**
**Hilmar Sigurgíslason** **Ásgerður Atladóttir**
**Sjöfn Sigurgísladóttir** **Stefán Jökull Sveinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Móðir okkar,*

**Ingibjörg Eggertsdóttir**
Árskógum 2,

lést laugardaginn 24. desember. Jarðarför verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Björgvin J. Jóhannsson**
**Eggert Þ. Jóhannsson**
**Hörður Jóhannsson**
**Herdís Jóhannsdóttir**
**Ingvar J. Jóhannsson**



*Ástkær unnusta mín, stjúpmóðir, dóttir og systir,*

**G. Eyrún Gunnarsdóttir**

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi hinn 23. desember síðastliðinn.

**Árni Snær Kristjánsson**
**Jóhann Grétar Árnason**
**Gunnar Þórðarson** **Rannveig Rúna Viggósdóttir**
**Unnur Guðný Gunnarsdóttir** **Gísli Jóhannsson**



*Ástkær sonur okkar og bróðir,*

**Jón Ellert Tryggvason**

var bráðkvaddur á aðfangadag, 24. desember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Inga Ásgeirsdóttir** **Sæmundur Gunnarsson**
**Tryggvi S. Jónsson** **Erna Agnarsdóttir**
**systkini og aðrir aðstandendur.**



*Elskuleg systir mín, mágkona og frænka okkar,*

**Anna Steinunn Sigurðardóttir**
Drápuhlíð 39,

lést á hjúkrunardeild Hrafnistu í Reykjavík fimmtudaginn 22. desember. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 30. desember kl. 13.00.

**Flosi Hrafn Sigurðsson** **Hulda Sigfúsdóttir**
**Ágústa Lyons Flosadóttir** **John Lyons**
**Sigurður Flosason** **Vilborg Anna Björnsdóttir**
**og aðrir aðstandendur**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gísli V. Einarsson**
fyrrverandi forstjóri,
Barðastöðum 11, áður Stigahlíð 91,
Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni hinn 20. desember. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 29. desember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Parkinsonsamtökin á Íslandi og minningarsjóð Sóltúns.

**Edda Ingibjörg Eggertsdóttir**
**Guðný Edda Gísladóttir** **Guðjón Kr. Guðjónson**
**Eggert Árni Gíslason** **Petra Bragadóttir**
**Halldór Páll Gíslason** **Anna Helga Höskuldsdóttir**
**Gunnar Þór Gíslason** **Sólveig Ingólfsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hróðmar Gissurarson**
vélfræðingur,
Kleppsvegi 4, Reykjavík,

lést á líknardeildinni Landakoti föstudaginn 23. desember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Sigrún S. Waage**
**Valgerður M. Hróðmarsdóttir** **Karl J. Halldórsson**
**Gunnar Hróðmarsson** **Halldóra Guðmundsdóttir**
**Karólína S. Hróðmarsdóttir** **Svavar Kristinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,*

**Einar Olgeirsson**
Sóltúni 11, Reykjavík,

lést á sjúkrahúsinu í Volda í Noregi miðvikudaginn 21. desember 2011. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 3. janúar 2012 kl. 13.00.

**Emilía Sigurjónsdóttir**
**Septína Selma Einarsdóttir** **Arne Lothe**
**Rannveig Eir Einarsdóttir** **Hilmar Þór Kristinsson**
**Óskar Einarsson** **Nina Skjong**
**Sveinn Geir Einarsson** **Guðlaug Björnsdóttir**
**Kristinn Maríus Einarsson**
**Hólmfríður Guðrún Einarsdóttir** **Sævar Hafsteinsson**
**Olgeir Einarsson** **Unnur Skúladóttir**
**Gunnar Olgeirsson**
**Rafnkell Olgeirsson**
**afa- og langafabörn**


ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



Vaktsími:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is

Allan sólarhringinn — Sverrir Einarsson — Kristín Ingólfsdóttir — Hermann Jónasson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242




**VERKIN Í HUNDRAÐATALI** Birgitta hefur veitt Listasafni Sigurjóns Ólafssonar forstöðu frá upphafi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BIRGITTA SPUR: ÁTTRÆÐ

## Stendur vörð um verk Sigurjóns

Birgitta Spur er áttræð í dag og tekur af því tilefni á móti gestum í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar milli 17 og 20. Birgitta hefur veitt safninu forstöðu frá upphafi, en það var stofnað árið 1984 í minningu eiginmanns hennar, Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara, sem lést árið 1982.

Endurbygging á húsnæði og vinnustofu Sigurjóns hófst árið 1985 og var hún fjármögnuð með ýmsum hætti. „Við fengum styrki frá ríki og borg en auk þess var þáttur almennings og fyrirtækja stór, sem var harla óalgengt á þeim tíma. Velvildin og áhuginn var hins vegar mikill enda margir sem þekktu Sigurjón og vissu fyrir hvað hann stóð. Fólk vildi leggja framtakinu lið og standa þannig vörð um verk hans og vinnustofu.“

Safnið var formlega opnað árið 1988, en það ár hefði Sigurjón orðið áttræður. Birgitta, sem býr í íbúð á efri hæð safnsins, hefur helgað sig starfseminni frá upphafi og má með sanni segja að henni hafi tekist ætlunarverkið; að halda verkum eiginmanns síns til haga og gera þau aðgengileg almenningi.

Hún hefur staðið fyrir listsýningum bæði innanlands og utan og ritstýrt á annan tug rita á vegum safnsins. Hún er auk þess einn höfunda og ritstjóri heildarskrár verka Sigurjóns sem er meðal annars aðgengileg á vef safnsins www.lso.is ásamt ljósmyndum af verkunum sem eru í hundraðatali.



*Okkar ástkæri*

**Sigmundur Jónsson**
bóndi frá Vestari-Hóli í Fljótum,

lést mánudaginn 12. desember. Útför hans fer fram frá Barðskirkju í Fljótum föstudaginn 30. desember kl. 14.00.

**Ólína Guðmundsdóttir og aðstandendur.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, systir og mágkona,*

**Rannveig María Garðars**

lést á Dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri 24. desember. Jarðarförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík 2. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Félag nýrnasjúkra.

**Maríanna Alexandersdóttir**
**Garðar Þór Middleton** **Guðrún Stefánsdóttir**
**Sigríður Emilía Bjarnadóttir** **Bragi Sigurðsson**
**og börn.**
**Anna Garðarsdóttir** **Marinó Þorsteinsson**

# FÆKKAÐU SÍGARETTUNUM MEÐ TROPICAL FRUIT




# NÝTT
# MINNI REYKINGAR
# MEIRA TROPICAL FRUIT

## AÐ DRAGA ÚR REYKINGUM ER LÍKA SKREF Í RÉTTA ÁTT

**Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins**

Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli.
Nicotinell lyfjatyggigúmmí inniheldur 2 mg eða 4 mg nikótín (nikótínpólacrillín). Nicotinell lyfjatyggigúmmí er notað til að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum nikótíns hjá einstaklingum sem eru háðir nikótíni. Þannig getur það auðveldað reykingafólki sem vill hætta að reykja að hætta eða að draga úr reykingum. Ekki má nota fleiri en 25 stk. 2 mg lyfjatyggigúmmí eða meira en 15 stk. 4 mg lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Ef þú ert með ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju öðrum innihaldsefnum eða reykir ekki má ekki nota Nicotinell lyfjatyggigúmmí. Ráðfærðu þig við lækninn eða lyfjafræðing ef þú hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp - ert með hjartasjúkdóma, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil, ofvirkar nýrnahettur, alvarlega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi eða magasár. Ef þú ert barnshafandi eða með barn á brjósti máttu einungis nota lyfið í samráði við lækni. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 18 ára nema í samráði við lækni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** varsla, **6.** líka, **8.** fley, **9.** upphaf, **11.** ekki heldur, **12.** sívinnandi, **14.** kjöt, **16.** ung, **17.** sjáðu, **18.** kærleikur, **20.** 999, **21.** í miðju.

**LÓÐRÉTT**
**1.** skítur, **3.** frá, **4.** máski, **5.** viður, **7.** góðgirni, **10.** að, **13.** tangi, **15.** bera að garði, **16.** lærdómur, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** vakt, **6.** og, **8.** far, **9.** rót, **11.** né, **12.** iðinn, **14.** flesk, **16.** ný, **17.** sko, **18.** ást, **20.** im, **21.** mitt.
**LÓÐRÉTT: 1.** sori, **3.** af, **4.** kannski, **5.** tré, **7.** góðfýsi, **10.** til, **13.** nes, **15.** koma, **16.** nám, **19.** tt.


Félag skipstjórnarmanna

**Félagar í Félagi skipstjórnarmanna**

**Almennur félagsfundur verður í dag** miðvikuudaginn 28. desember kl. 14.00 á veitingastaðnum Strikinu Skipagötu 14. Akureyri.

Félagar fjölmennið

**Stjórnin**



**FÉLAGSFUNDUR VM**
Félags vélstjóra og málmtæknimanna



**VM heldur félagsfund í Reykjavík fimmtudaginn 29. desember.**

**REYKJAVÍK**
kl.: 16:00 til 18:00
**Fundarstaður:** Grand Hotel, Hvammur

**DAGSKRÁ:**
1. Málefni félagsins
2. Staðan í kjaramálum sjómanna
3. Önnur mál.

*Nánari upplýsingar á heimasíðu VM, www.vm.is.*

*- okkur er annt um þinn hag*

VM-FÉLAG VÉLSTJÓRA OG MÁLMTÆKNIMANNA
Stórhöfða 25 - 110 Reykjavík - 575 9800 - www.vm.is



FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | LÍFIÐ | SJÓNVARP



vísir

TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORGNI!


# Skammarleg íslensk þögn

**BAKÞANKAR**
**Kolbeins Óttarssonar Proppé**



Bandaríkjamenn nutu samúðar heimsbyggðarinnar allrar eftir árásirnar á New York fyrir tíu árum. Þá samúð hefði mátt nýta til að skapa ástand samhygðar og bætts skilnings manna á millum. Það var ekki gert. Þvert á móti. Í staðinn var mannskepnan enn frekar dregin í dilka og enn skýrari línur dregnar utan um hver væru við og hver væru hinir.

**VIÐBRÖGÐ** Bandaríkjanna við árásunum verða ævarandi skammarblettur á ásýnd þeirra. Allt í einu skiptu reglur engu máli, tilgangurinn helgaði meðalið í öllum tilvikum. Ef það þjónaði bandarískum hagsmunum, ef það lappaði upp á sært bandarískt stolt, ef það samræmdist bandarískum hugmyndum um bandarískt réttlæti fyrir Bandaríkjamenn; þá skiptu lög og reglur engu. Og allt of margir spiluðu með. Stjórnmálamenn um allan hinn vestræna heim æstust upp í hefndaráróðrinum og studdu aðgerðir Bandaríkjamanna. Íslendingar eiga þar sinn skammarkafla. Litlu virtist skipta hve langsóttar aðgerðirnar voru og í hve litlum tengslum við upphaflega hvatann (svo má deila lengi um upphafið því ekki spruttu árásirnar á Bandaríkin úr engu), stuðningur leyndist víða við bulluhátt Bandaríkjanna.

**MEÐAL** þess sem þeim er legið á hálsi fyrir er að flytja fólk nauðungarflutningum. Að taka það höndum í einu landi og fljúga því til annars þar sem hægt er að pynta það. Þar sem Bandaríkjamenn sjálfir, eða pótentátar þeirra, gátu dundað sér við að meiða það á hryllilegan hátt til að ná fram upplýsingum. Og brjóta með því legíó alþjóðlegra laga.

**RANNSÓKN** stendur nú yfir á þessum atburðum og í svörum frá Bandaríkjunum kemur fram að skráðar eru ríflega 27 þúsund færslur vegna flugs 44 flugvéla árin 2002 til 2006 sem tengjast fangaflugi. Með því viðurkenna Bandaríkin ekki endilega að pyntingar hafi átt sér stað, en þau viðurkenna tilvist flugferðanna. Það er meira en önnur ríki hafa gert. Evrópska flugumferðarstjórnin virðir spurninguna ekki svars og fjögur lönd hafa hafnað að veita upplýsingar, þar á meðal Svíþjóð. Þá hafa nokkur ekki svarað.

**ÍSLAND** er þeirra á meðal. Vel má vera að erindið hafi fyrst borist á rangan stað, eins og haldið er fram í Fréttablaðinu í gær. Íslensk stjórnsýsla er hins vegar ekki það stór að það eigi að tefja mjög fyrir. Hér með er skorað á innanríkisráðherra, Ögmund Jónasson, að rjúfa þessa skammarlegu íslensku þögn um málið og veita umbeðnar upplýsingar. Við skuldum okkur sjálfum það, en ekki síst þeim sem fengu borinn í hnéskelina í ókunnum kjallara eftir ferðalagið. Mögulega með viðkomu á íslenskri grundu.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




ÚTSALA ÁRSINS
0% VEXTIR • ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
75% AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR AF YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM
RISA FLUGELDAPAKKI
FYLGIR ÖLLUM ACER OG PACKARD BELL FARTÖLVUM
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
Silfur
GLÆSILEGUR 4BLS BÆKLINGUR
ÚTSALA ÁRSINS
MIÐVIKUDAG 10:00 - 19:00
FIMMTUDAG 10:00 - 19:00
FÖSTUDAG 10:00 - 19:00
GAMLÁRSDAG 9:00 - 12:00
LOKAÐ 1-2 JAN 2012
OPNUM AFTUR 3. JAN KL 10:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
Tilboð gilda dagana 27-31 desember eða meðan birgðir endast • Öll verð eru afsláttarverð birt með fyrirvara um villur

# menning

menning@frettabladid.is

! **JÓLATÓNLEIKAR MÓTETTUKÓRS HALLGRÍMSKIRKJU** verða haldnir í Hallgrímskirkju í kvöld og annað kvöld klukkan átta. Einsöngvari er Þóra Einarsdóttir sópransöngkona, Daði Kolbeinsson leikur á óbó, Áshildur Haraldsdóttir á flautu og orgelleikari er Björn Steinar Sólbergsson. Stjórnandi er Hörður Áskelsson.



Tónlist ★★★

**Værð**

Hjörtur Ingvi Jóhannsson og Sveinn Dúa Hjörleifsson

**Stef**

## Táp og fjör

Það sætir engum sérstökum tíðindum að tenórsöngvari flytji lög á borð við Svanasöng á heiði eða Mamma ætlar að sofna. Og gefi sönginn út á geislaplötu.

Stóru fréttirnar eru að lögin eru í nýjum útsetningum píanóleikarans á plötunni. Það er Hjörtur Ingvi Jóhannsson, sennilega þekktastur fyrir að vera hljómborðsleikari hljómsveitarinnar Hjaltalín. Útsetningarnar eru ýmist fyrir píanó eða strengi, og þær eru hver annarri skemmtilegri. Þær koma líka á óvart. Ég skellti upp úr þegar Minni karla byrjaði. Og það var ekki hæðnishlátur.

Sveinn er ágætur söngvari, syngur hvert lag af þægilegri einlægni og túlkun hans er blátt áfram og einföld. Að vísu er söngurinn á köflum dálítið litlaus og ómótaður – það mætti vera meiri kraftur hér og þar. Ég hef á tilfinningunni að rödd Sveins sé ekki fullþroskuð. Enda er hann ungur að árum. Píanóleikurinn er líka stundum dálítið stirður, þótt hann sé fjörlegur. En strengjaleikur Pálínu Árnadóttur, Hrafnkels Orra Egilssonar, Ara Vilhjálmssonar og fleiri listamanna er flottur. Og útsetningarnar gera geisladiskinn eigulegan.

**Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Góður söngur og skemmtilegar útsetningar.

# ÁR BÓKARINNAR, KVENNABARÁTTUNNAR OG FRÆÐANNA



**RAGNA SIGURÐARDÓTTIR fer yfir myndlistarárið**



**Í myndlistinni er árið 2011 ár bókarinnar, og þá fyrst og fremst þeirrar sem olli miklu fjaðrafoki, Íslensku listasögunnar.**

Óhætt er að segja að skiptar skoðanir séu um bækurnar fimm um sögu íslenskrar myndlistar, en vonast má til þess að bækur um einstök tímabil eigi nú greiðari aðgang að útgáfu en áður en þessi heildarsaga kom út. Fengur er að verkinu fyrir þann mikla fjölda listfræðinema sem nú er við Háskóla Íslands og nema Listaháskólans. Fræðasvið íslenskrar myndlistar er vaxandi og þar er margt gott fólk að vinna mikilvægt starf.

Önnur útgáfa setti einnig mark sitt á árið. Crymogea, Útúrdúr, Opna og Uppheimar gefa allar út bækur og verk um og tengd íslenskri myndlist. Nýtt tímarit um samtímalistir íslenskra kvenna, *Endemi*, leit dagsins ljós en ný kynslóð ungra listakvenna horfist enn og aftur í augu við að jafnrétti er langt frá náð.

### Einkasýningar og kastljós fjölmiðla

Af einkasýningum sem upp úr stóðu á árinu má til dæmis nefna sýningu Ingibjargar Jónsdóttur í Listasafni ASÍ, sýningu Ingu Þóreyjar Jóhannsdóttur á sama stað og sýningu Hannesar Lárussonar í Kling og Bang sem heldur áfram öflugri starfsemi. Í Hafnarborg var flott sýning á verkum Eggerts Péturssonar og nú í lok árs á verkum þeirra Hildar Bjarnadóttur og Guðjóns Ketilssonar. Ragnar Kjartansson lauk ári i8 með glæsibrag, en sýning hans, *Song*, stendur enn yfir.

Spennandi sýningar hafa verið bæði í Listasafni Reykjanesbæjar og Listasafni Árnesinga; á báðum stöðum er unnið metnaðarfullt starf. Sá metnaður sem einkenndi starfsemi Listasafns Kópavogs, Gerðarsafns fyrir nokkrum árum hefur ekki verið eins sýnilegur undanfarið en blómstraði í lok árs með sýningu á list kvenna í samstarfi við útgáfu Endemis. Kastljós fjölmiðla beindist í stutta stund að sýningunni *Koddu* í Nýlistasafninu, í tengslum við umræðu um sæmdarrétt, en gagnrýnið inntak sýningarinnar fór fyrir lítið. Ljósmyndasafn Reykjavíkur heldur áfram áhugaverðu og ómissandi sýningarhaldi.

Erfitt er að fjalla um sýningar á landsbyggðinni sem undirrituð hefur ekki séð, en Listasafn Akureyrar setti upp áhugaverðar sýningar á árinu, meðal annars einkasýningar þeirra Gústavs Geirs Bollasonar og Kristínar Gunnlaugsdóttur. Því miður er ómögulegt að nefna allt sem hugur stendur til í pistli eins og þessum.

### Stóru söfnin og sýning ársins

Listasafn Íslands heldur áfram að vera með góðar en fáar sýningar sem standa verulega lengi. Sýningin á verkum Louise Bourgeois var fréttnæm hér á landi og vonandi hafa margir heimsótt hana, en hún stóð í hátt á fjórða mánuð. Sýningin *Hljóðheimar* var flott framtak hjá Listasafni Íslands og í tengslum við hana fengu fjölmargir af yngri kynslóðinni tækifæri til að kynna verk sín. Á vegum Listasafnsins var fyrsti áfangi sýningarinnar *Þúsund ár* opnaður í Þjóðmenningarhúsi.

Listasafn Reykjavíkur er öflugt í starfsemi sinni, viðburðavæðingu, innflutningi erlendra listamanna og sýningum á verkum yngri listamanna allt í bland. Nokkrar sýningar standa upp úr hjá Listasafni Reykjavíkur á árinu. Þar má nefna sýninguna *Áfangastaðir* í upphafi árs og *Sýning sýninganna* á Kjarvalsstöðum, einnig sýninguna *Kjarval snertir mig* sem er einstaklega vel heppnuð. List kvenna á greiðan aðgang að Listasafni Reykjavíkur í D-sal og listakonur hafa verið með innsetningar í stökum sölum en enn er beðið eftir viðamiklum yfirlitssýningum á list einstakra listakvenna.

Að mínu mati er sýning Listasafns Reykjavíkur, *Sjónarmið – Á mótum myndlistar og heimspeki*, sýning ársins í íslenskum myndlistarheimi. Þau vinnubrögð að kalla saman nokkra sýningarstjóra, útgáfa fróðlegrar sýningarskrár með greinum þeirra og ekki síst sýningin sjálf sem varpaði nýju ljósi á íslensk listaverk og sýndi þau í réttu samhengi við alþjóðlega strauma og stefnur – allt þetta er nokkuð sem maður vonast til að sjá meira af hérlendis.

### Ástæða til bjartsýni

Í heildina er árið 2011 jákvætt ár. Útgáfustarfsemi á sviði myndlistar hefur aukist, fræðasvið er sívaxandi og hefur að skipa æ fleira frábæru fólki. Því miður er ástæða til að minna á að langt er frá því að jafnrétti kynjanna sé náð en þá um leið jákvætt að kraftmikil ný kynslóð sé að vinna í þeim málum.

Nú þegar við höfum eignast tónlistarhús væri ekki úr vegi að huga að alvöru húsakynnum fyrir list sögunnar, því hvorki húsakynni Listasafns Íslands né Þjóðmenningarhús eru hentug til frambúðar. En þrátt fyrir viðvarandi fjárskort eru sýningahald og önnur starfsemi á myndlistarsviðinu ótrúlega frjó og öflug og því full ástæða til bjartsýni og jákvæðni.



FRÉTTABLAÐIÐ/HAG



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sýning á verkum Louise Bourgeoise (neðri mynd) í Listasafni Íslands sætti tíðindum en Sjónarmið (efri mynd) í Listasafni Reykjavíkur var sýning ársins að mati greinarhöfundar.

BYLGJAN 25 ÁRA 989

Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið



Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Guli miðinn

20% afsláttur

20% afsláttur*
í Lyfjum & heilsu



VÍTAMÍN HEILSU MEÐ GULA MIÐANUM
Breiðfylking bætiefna - sérvalin fyrir íslenskar aðstæður

*gildir frá 27.desember til 9.janúar

Lyf & heilsa
við hlustum!

# On Misunderstanding í Kassanum

Dansverkið On Misunderstanding verður frumsýnt í Kassanum í Þjóðleikhúsinu í kvöld.

Margrét var einn þriggja danshöfunda sem fengu úthlutað vinnuaðstöðu í átta mánuði við K3-danssmiðjuna í Hamborg í fyrra. Þar vann hún að verkinu On Misunderstanding, sem var frumsýnt í Kampnagel-leikhúsinu í Hamborg í fyrra. Verkið verður sýnt í fyrsta sinn á Íslandi í kvöld.

Þrír dansarar koma fram í verkinu; Margrét sjálf, Saga Sigurðardóttir og Dani Brown. Um leikmynd og búninga sá Elín Hansdóttir myndlistarmaður, en hún á einnig heiðurinn af leikmyndinni í Svörtum hundi prestsins sem frumsýnt var í Þjóðleikhúsinu í haust.

Margrét Bjarnadóttir hefur unnið sem sjálfstætt starfandi danslistamaður frá því hún brautskráðist með BA-gráðu af danshöfundabraut ArtEZ-listaháskólans í Hollandi 2006. Hún er einn stofnmeðlima í leikhópnum Ég og vinir mínir sem vakið hefur athygli fyrir sýningarnar Húmanímal og Verði þér að góðu. Fyrir fyrrnefndu sýninguna hlutu hún og Saga Grímuverðlaunin sem danshöfundar ársins, auk þess sem Margrét var valin dansari ársins.

On Misunderstanding verður sýnd þrisvar sinnum í Kassanum, í kvöld, annað kvöld og á föstudagskvöld.



**ÚR ON MISUNDERSTANDING** Margrét Bjarnadóttir frumsýndi verk sitt í Þýskalandi í fyrra en frumflytur það á Íslandi í kvöld.

THE EUROPEAN LOTTERIES — RESPONSIBLE GAMING CERTIFIED

WORLD LOTTERY ASSOCIATION — WLA



Þrefaldur 1. vinningur

# 4 MILLJARÐAR!

## ÞREFALDUR FYRSTI VINNINGUR STEFNIR Í 900 MILLJÓNIR

Ofurpotturinn stefnir í 3.100 milljónir. **Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fimm í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ

**ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!**

MIÐINN GILDIR 28. DESEMBER 2011

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | [illegible] |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | [illegible] |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | [illegible] | [illegible] |

SÖLU LÝKUR KL. 17

# Fólk

folk@frettabladid.is



**104.235.500.000** **ÍSLENSKAR KRÓNUR** eru auðæfi Mel Gibson metin á en helmingurinn rann til fyrrverandi eiginkonu hans, Robyn Moore, er skilnaður þeirra gekk í gegn á dögunum. Moore og Gibson voru gift í 30 ár og eiga saman sjö börn.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 28. desember 2011**

### Tónleikar

**20.00** Mótettukór Hallgrímskirkju heldur jólatónleika sína nú í þrítugasta sinn. Þóra Einarsdóttir sópransöngkona verður gestasöngvari. Tónleikarnir verða haldnir í Hallgrímskirkju og er miðaverð kr. 3.900.

### Leiklist

**19.30** Önnur sýning leiksýningarinnar Heimsljós, eftir samnefndri sögu Halldórs Laxness verður sýnt á Stóra sviðinu í Þjóðleikhúsinu. Verkið er í leikgerð Kjartans Ragnarssonar og meðal leikara má nefna Hilmi Snæ Guðnason og Jóhannes Hauk Jóhannesson. Miðaverð er kr. 4.300.

### Sýningar

**20.00** Verkið On Misunderstanding eftir Margréti Bjarnadóttur danslistamann verður frumsýnt í Kassanum, Þjóðleikhúsinu. Miðaverð er kr. 2.500,

### Tónlist

**20.00** Dj Addi Intro spilar tónlist fyrir gesti Priksins.

**21.00** Jóla Gó tónlistarveisla verður haldin á Café Rósenberg. Meðal þeirra sem fram koma eru Sigurður Guðmundsson, Dísa Jakobs og **Helgi Björns** - auk þess sem þrusugóð hljómsveit hefur verið sett saman í tilefni þessa. Meðal þeirra sem þar spila eru Guðmundur Óskar Guðmundsson, Daníel Friðrik Böðvarsson og Ari Bragi Kárason. Miðaverð er kr. 2.000.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**









**ROBERT PATTINSON** þráir fátt heitar en að Twilight-fyrirbærið nái að jafna Harry Potter að vinsældum, og strengdi heit þess efnis að hann myndi eyða líðandi ári í að tryggja einmitt það. Hann hafði þó ekki erindi sem erfiði því Harry Potter-myndin hafði betur.



**KIM KARDASHIAN** hét því um síðustu áramót að hún yrði einhleyp allt árið 2011. Hún klúðraði þeim áformum heldur betur og vakti einna mesta athygli á árinu fyrir skammlíft hjónaband sitt og íþróttastjörnunnar Kris Humphries.



**OPRAH** hefur áorkað meiru en flestir í lífi sínu og birtist meðal annars árlega á lista yfir valdamestu konur heims. Hennar leyndarmál til að komast áfram í lífinu og breyta hegðun er að sleppa því alfarið að strengja áramótaheit og einbeita sér þess í stað að því að lifa í núinu.

# ÁRAMÓTAHEITIN Í HOLLYWOOD

**Heimsbyggðin stundar það öll að lofa bót og betrun og strengja áramótaheit þegar að því kemur að kveðja liðið ár. Margt hefur verið skrifað um erfiðleika mannskepnunnar við að standa við háleitar fyrirætlanirnar, sem iðulega falla í gleymsku á fyrstu dögum nýja ársins. Fræga fólkið í Hollywood virðist oft lifa heilbrigðara og agaðra lífi en annað fólk, en hvernig gengur því að standa við áramótaheit sín?**



**KELLY OSBOURNE** segist hafa verið háð áramótaheitum en aldrei tekist að standa við þau. Nú er hún í mun betra jafnvægi og lífsglaðari en þegar hún hét því að hætta að borða kjöt, gerast vegangrænmetisæta, léttast, vera yfirvegaðri og margt fleira. Í ár ætlar hún ekki að setja mikla pressu á sjálfa sig heldur strengja þess eingöngu heit að læra af fortíðinni og einblína á hið jákvæða.



**JAY-Z** tilkynnti í lok ársins 2009 að hann ætlaði að eyða mun meiri innilegum tíma með kærustu sinni, Beyonce, á árinu 2010. Hann virðist hafa fylgt heitinu eftir og meira til, því skötuhjúin eiga von á fyrsta barni sínu í byrjun næsta árs.

**MILEY CYRUS** sagði í lok 2009 að hún ætlaði að vanda sig á nýju ári við að forðast vandræði. Gleymskan virðist hafa hrjáð hana því á árinu 2010 rak hver hneykslisfréttin aðra af ungstirninu, en kannabisneysla hennar rataði meðal annars í fjölmiðla.

# Fer fram á helming eigna eiginmannsins

Eiginkona körfuknattleikmannsins Kobe Bryant hefur sótt um skilnað frá íþróttastjörnunni eftir að upp komst að hann hefur haldið stöðugt framhjá henni undanfarinn áratug. Hjónin höfðu ekki skrifað undir kaupmála fyrir brúðkaupið og því getur Vanessa Bryant farið fram á helming eigna eiginmannsins.

Vanessa Bryant mætir vel undirbúin í réttarsalinn því heilt lið einkaspæjara hefur elt Kobe á röndum undanfarið ár og safnað sönnunargögnum um framhjáhald hans. „Vanessa telur að hann hafi átt í sambandi við tíu mismunandi konur hvert ár sem þau voru gift og því gæti tala ástkvenna hans verið allt að 105 konur. Hún er harmi slegin og trúir vart að hann hafi logið svona að henni. Í hvert sinn sem upp um hann komst lofaði hann betrumbótum en sveik þau loforð jafnóðum,“ var haft eftir heimildarmanni.



**SVIKIN** Vanessa Bryant fer fram á skilnað og helming eigna Kobe Bryant. NORDIC PHOTOS/GETTY

Fái Vanessa helming eigna hans getur hún endað með 36 milljarða eftir skilnaðinn.



**TRÚLOFUÐ** Matthew McConaughey og Camila Alves trúlofuðu sig á jóladag.

# Trúlofuðust á jóladag

**Matthew McConaughey hefur trúlofast kærustu sinni til síðustu fimm ára, brasilísku fyrirsætunni Camilu Alves. Leikarinn bar bónorðið upp á jóladag og fagnaði jákvæðu svari hennar með því að setja mynd af þeim að kyssast á Twitter. „Var að biðja Camilu um að giftast mér. Gleðileg jól,“ skrifaði hann.**

**Hinn 42 ára McConaughey og hin 29 ára Camila hafa verið saman í fimm ár og eiga tvö börn saman, soninn Levi og dótturina Vidu.**

# TAKK FYRIR KOMUNA



*Á árinu sem er að líða höfum við tekið á móti fjölmörgum skólahópum, þar sem við kynnum sögu íslensks útvarps og sjónvarp, Fjöllum um miðla okkar og gefum gestum tækifæri til að líta á bak við tjöldin og skoða hvernig vinnsla efnis fer fram. Við þökkum öllum þessum áhugasömu hópum fyrir komuna og hlökkum til að taka á móti fleiri hópum á nýju ári.*

FRÉTTABLAÐIÐ
vísir
BYLGJAN 989
365

# Sinead skilin eftir átján daga

**Fjórða hjónaband Íslandsvinarins Sinead O'Connor reyndist skammlíft. Söngkonan viðurkennir að hún og bóndinn hafi verið of fljót á sér þegar þau gengu í það heilaga.**



SKILIN Sinead O'Connor hefur ákveðið að skilja við eiginmann sinn eftir átján daga hjónaband. NORDIC PHOTOS/GETTY

Írska söngkonan Sinead O'Connor hefur ákveðið að skilja við eiginmann sinn Barry Herridge eftir átján daga hjónaband. O'Connor og Herridge giftu sig í Las Vegas hinn 8. desember eftir aðeins nokkurra mánaða samband.

Á heimasíðu sinni kennir söngkonan ákveðnu fólki í lífi Herridge um hjónaskilnaðinn. „Ákveðnir aðilar í lífi eiginmanns míns voru óánægðir með ráðahaginn og létu skoðun sína skýrt í ljós. Ég fór líka með hann í smá ævintýraferð um Las Vegas í leit að hassi eftir athöfnina og hafði það slæm áhrif á eiginmann minn. Eiginkona vill færa manni sínum gleði, ekki sorg, og því hef ég ákveðið að sleppa honum lausum. Hann er yndislegur maður og ég elska hann heitt en ég tel að við höfum verið of fljót á okkur," útskýrir söngkonan og bætir við að Herridge hafi verið mjög óhamingjusamur eftir brúðkaupið en of ljúfur í sér til að enda hjónabandið og því hafi hún ákveðið að stíga skrefið til fulls sjálf.

O'Connor á fjögur börn og hefur verið gift í fjórgang.

# Dáir kettina sína

Leikarinn Robert Downey Jr. viðurkenndi nýverið að hann væri orðinn mikill kattamaður eftir að hafa ættleitt kettlingana Montgomery og Dartanian. Hann segir sambúðina með kettlingunum hafa breytt lífi sínu til hins betra og að hann gæti ekki hugsað sér lífið án þeirra.



KATTAVINUR Robert Downey Jr. er mjög hrifinn af kettlingum sínum tveimur. NORDICPHOTOS/GETTY

Downey Jr. viðurkennir að átján mánuðum fyrr hafi hann ekki viljað dýr inn á heimilið en að honum hafi blessunarlega snúist hugur. „Ég var mjög mótfallinn hugmyndinni í fyrstu en nú get ég ekki hugsað mér lífið án þeirra. Ég er núna týpan sem mætir í boð og sýnir fólki símamyndir af kettlingunum mínum. Ég mundi drepa fyrir þessar ljúfu litlu sálir," sagði leikarinn, sem á von á sínu fyrsta barni í byrjun næsta árs.

# Kórinn var vinsælastur

**Kór eiginkvenna breskra hermanna, Military Wives, bar sigur úr býtum í kapphlaupinu um vinsælasta lagið um jólin í Bretlandi.**

**Lag þeirra heitir Wherever You Are og rann allur ágóðinn af sölu smáskífunnar til góðgerðarmála. Skífan seldist í rúmri hálfri milljón eintaka vikuna fyrir jól, sem er meira en hin ellefu lögin á listanum náðu samanlagt. Engin smáskífa hefur selst hraðar í Bretlandi í sex ár. Í næsta sæti á eftir kom stúlknasveitin Little Mix, sem vann X-Factor á dögunum, og í því þriðja lenti Nirvana með Smells Like Teen Spirit.**


SHERLOCK HOLMES A GAME OF SHADOWS
forsýningar í dag !

FRÁ LEIKSTJÓRA PRETTY WOMAN
frábær rómantísk gamanmynd sem kemur þér í hátíðarskap
NEW YEAR'S EVE

JÓLAMYND FJÖLSKYLDUNNAR Í ÁR
FJÖRFISKARNIR
SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI

TOM CRUISE, SIMON PEGG, PAULA PATTON OG JEREMY RENNER Í BESTU HASARMYND ÁRSINS!
88/100 Chicago Sun Times
80/100 BoxOffice Magazine
MISSION IMPOSSIBLE GHOST PROTOCOL

THE GIRL WITH THE DRAGON TATTOO
PUSS IN BOOTS

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 Forsýning | kl. 10:30 | 2D | 12 |
| SHERLOCK HOLMES 2 Forsýning VIP | kl. 10:50 | 2D | VIP |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 3:10 - 5:30 - 8 - 10:10 - 10:50 | 2D | L |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 5:10 - 8 - 10:50 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 VIP | kl. 2 - 5:10 - 8 | 2D | VIP |
| FJÖRFISKARNIR M/ ísl. Tali | kl. 1 - 1:30 - 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| HAROLD AND KUMAR Með texta | kl. 8(2D) | 2D | 16 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 1 - 3 | 2D | L |
| PUSS IN BOOTS Ótextuð M/ ensku. Tali | kl. 10:30 | 2D | L |
| HAPPY FEET 2 M/ ísl. Tali | kl. 1 - 3:20 | 2D | L |
| TWILIGHT : BREAKING DAWN | kl. 5:40 | 2D | 12 |
| TOWER HEIST | kl. 8 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 8 | 2D | 12 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D ísl tal | kl. 4 | 3D | L |
| HAROLD AND KUMAR 3D | kl. 5:50 | 3D | 16 |
| MISSION: IMPOSSIBLE 4 | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR | kl. 4 - 6 | 2D | L |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 8 - 10:20 | 2D | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 Forsýning | kl. 10:20 | 12 |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 5:40 - 8 - 10:40 | L |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 8 | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| PUSS IN BOOTS M/ ísl. Tali | kl.1:40 - 3:40 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| NEW YEAR'S EVE | kl. 5:30 - 8 - 10:10 | 2D | L |
| SHERLOCK HOLMES 2 Forsýning! | kl. 10:30 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR m/ísl tali | kl. 1 - 3. | 2D | L |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 5:10 - 8 - 10:45 | 2D | 12 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl tali | kl. 1 - 3 - 5:30 | 3D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl tali | kl. 1:30 - 3:30. | 2D | L |
| THE GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | kl. 5 - 8 - 11. | 2D | 16 |
| HAPPY FEET TWO m/ísl tali | kl. 1:30 - 3:30. | 3D | L |
| HAROLD & KUMAR 3D | kl. 8 | 3D | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 Forsýning | kl. 8 | 2D | 12 |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 2 - 5:30 - 8 - 10:30 - 10:50 | 2D | L |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 5:10 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:30 | 3D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | kl. 10:30 | 2D | 16 |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 8 | 2D | L |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 8 - 10:50 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR m/ísl.tali | kl. 2 - 4 - 6 | 2D | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 m/ísl.tali | kl. 2 - 6 | 2D | L |
| PUSS IN BOOTS m/ísl.tali | kl. 4 | 3D | L |

FORSÝND Í KVÖLD

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!
THE GIRL WITH THE DRAGON TATTOO
MISSION IMPOSSIBLE GHOST PROTOCOL
TOM CRUISE, SIMON PEGG, PAULA PATTON OG JEREMY RENNER Í BESTU HASARMYND ÁRSINS!
LÚXUS
SHERLOCK HOLMES FORSÝNING
STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D midi.is
midi.is

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | KL. 5.45 - 8 - 9 | 16 |
| MI – GHOST PROTOCOL LÚXUS | KL. 2 - 5 - 8 - 10.50 | 16 |
